


# Spiegelinn

Samviska bjóðarinnar





# ÞEKKIR ÞÚ TILBOÐIN FRÁ FARSKIPI líka kjaratilboðin?

## **1** Jafnaðarkaupið fer upp í

hvorki meira né minna en 47.00 krónur á tímann hjá faglærðum svo sem þjónum.

## **2** Þú sleppur við

slark og slux í höfni. Vegna þinnar eigin velferðar og fjölskyldu þinnar höfum við ákveðið að þú sért undan þegin(n) landgönguleyfi.

## **3** Þú losnar við

óþarfa umstang. Engar þvottavélar fyrir starfsfólk, enda geturðu fengið Pólverja helvítin til að þvo af þér fyrir skít og ekki neitt.

## **4** Við losum þig

undan þeirri kvöð að þurfa að umgangast hundfúla og drullufulla farþega nema rétt yfir blávinnutímann, sem er ekki nema 10 – 15 stundir á dag.

# LEIÐARI



Lesandinn.

## Speglinn

Sámská þjóðarinnar

43. árg. 2. tbl. **Útgefandi:** Félag áhugamanna um alvarleg málefni. Málgagn félagsins og ríkisstjórnar hverju sinni. Piggur gjarnan ríkisstyrk og tekur við áheitum og framlögum á ávisana-reikning sinn nr. 40180 við Alþýðubankann, aðalbanka. Lágmarksverð þessa tbl. kr. 70.- **Aðsetur:** Grjóttagata 9, 101 RvÍk. Ritstjórn, auglýsingar og pantana-sími fyrir söluturna: 14 2 15. Pósthólf 1169. **Starfsmenn:** Hjörleifur Sveinbjörnsson, Úlfar Þormóðsson. **Teiknarar:** Pétur Halldórsson, Ólafur Pétursson. **Haus:** Auglst. Gísla B. Björnsson. **Útlit:** Björn Br. Björnsson. **Aðalljós-myndari:** Gunnar Elísson. **Höfundar efnis:** Bestu synir og dætur þjóðarinnar og nokkrir aðrir. **Litgreining:** Myndamót. **Setning og filmugerð:** Prentrún. **Prentun:** Prentsmeðjan Oddi hf. **Bókkband:** Sveinabókbandið. **Áskrifandi:** Höskuldur Skarphéðinsson. **Lesandi:** (Sjá mynd) gefi sig fram við ritstjórn. **Forsíðumynd:** Þjóðarsálin (hrollvekján).

Úrslit kosninganna á dögunum eru hneyksli. Prír af fjórum frambjóðendum Speglinsins felli; sa fjórði rétt slefaðist inn á stolnum og sníktum atkvæðum (sbr. vísnaphátt).

Forsetinn, Geir Hallgrímsson, Speglinn og meira að segja Steingrímur Hermannsson eru á einu máli um þetta og jafnframt hitt að mynda beri sterka stjórn. En hin kolvitlausu úrslit kosninganna gera það lífsins ómögulegt. Þessi kosningaúrslit má ekki taka alvarlega. Það má ekki láta þau viðgangast. Pau munu leiða yfir þjóðina fáránleikastjórn, guðleysi og lauslæti. Vegna þessa er það skýlaus krafa Speglinsins að kosið verði aftur. Og það strax.

Útlendur maður skrifaði eitt sinn að svo væri komið í sínu heimalandi að skipta þyrfti þar um kjósendur ef takast ætti að halda þar uppi lögum og reglu. Speglinn trúir því ekki að svo illa sé komið fyrir þessari þjóð. Hins vegar ætti að fara að huga að því í fullri alvöru hvort ekki sé rétt að fara að stunda kjósendatilfærslur á milli kjördæma. Greinilegt er að í sumum kjördæmum hefur fólk mun minni dómgreind en í öðrum. Þetta dómgreindarlausa fólk þarf að flytja til og færa í bland við sér ábyrgðarfyllra fólk.

Jafnframt er það orðið lífsspursmál að bestu synir og dætur þessarar þjóðar hætti að rýta í öskustónni, en skríði þess í stað fram á þjóðmálasviðið til ábyrgra starfa eins og hringormur úr þunnildi.

Sú ríkisstjórn sem nú situr og uppnefnd hefur verið „starfsstjórn“ í móðgunarskyni, eftir að hafa starfað af mikilli aluð, fórnfysi og eljusemi í rúm þrjú ár, hefur fullan rétt að taka sér frí frá störfum um stundarsakir.

En þessi þjóð getur ekki verið stjórnlaus eina stund.

Því mun Speglinn leggja það til við forsetann, frú Vigdís Finnubogadóttur, að hún skipi eftirtalda menn í ríkisstjórn þar til kosið hefur verið á nýjan leik:

Forsætisráðherra verði Ólafur G. Einarsson, sérlegur frambjóðandi Speglinsins við síðustu kosningar.

Árni Johnsen fari með málefni Hagstofunnar.

Gardar Sigurðsson fari með friðunarmál í sjó og markaðsöryggismál.

Eggert Haukdal fari með friðunarmál á landi og hafi umsjón með kirkjujörðum.

Karvel Pálason fari með landbúnaðarmál og málefni Sinfóniuhljómsveitar Íslands.

Jón Baldvin Hannibalsson hafi umsjón með aukabúgreinum með sérstakri áherslu á refarækt og dýragarða.

Kristín Halldórsdóttir fari með utanríkis- og varnarmál.

Ólafur P. Pórðarson og Stefán Valgeirsson fari með siðvæðingarmál.


Ragnar S. Halldórsson fari með iðnaðarmál, orkumál, geri samninga við erlend ríki og stóriðjufyrirtæki, fari með sjávarútvegsmál, fjármál, félags- og heilbrigðismál, menntamál, viðskiptamál svo og dóms- og kirkjumál.


Yfirvöldin eru góð. Fyrir þeim berum við virðingu séu þau rétt kjörin. Því skal gengið til kosninga á nýjan leik og aftur og enn aftur eða þar til þeir menn, sem orðaðir hafa verið við útlagastjórn (sjá fréttir) hafa náð kjöri til Alþingis og myndað hina sterku stjórn.

# STJÓRNARMYND TILRAUN SPEGI



# ÞUNAR ELSINS







# Riddarar hringormsins

Áralöng hefð er fyrir því að íslenskur fiskur sé hringormabættur. Og hefur líkað vel. Því kom það eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar Portúgalir endursendu nýlega heilan skipsfarm af þannig verkuðum saltfiski.

„Matvendnin í þessu Suðurevrópuðóti er orðin alveg yfirgengileg,“ sagði Kristján Ragnarsson, formaður LÍÚ í viðtali við blaðið, „og meira að segja kjammarnir í Svörtu-Afríku eru farnir að ybba gogg.“

Við eftirgrennslan hefur Spegillinn komist að því að Portúgalar vildu vöruna betur unna; þeir vildu losna við fiskinn og fá hringorminn einan, því saltaður hringormur er kóngafæða og ekki er hann síðri siginn. Er nú unnið að því að tæta fisk frá ormi og mun fyrsta hreina hringormasendingin verða send úr landi eftir helgi.

Það sem olli því að farmurinn var endursendur á dögunum var fákunnáttu saltfisksalanna í tungumálum samfara óhóflegum drykkjuskap þeirra.

Hefur sjávarútvegsráðherra ákveðið að í næstu sölu- og samninganefnd skuli vera amk. einn maður sem hafi nokkurt vald á erlendu máli og í það minnsta tveir bindindismenn.



# Hrikalegt kosningasvindi

Svo var árvekni yfirkjörstjórnar fyrir að þakka að upp komst um meiriháttar kosningasvindl við alþingiskosningarnar á dögunum. Rannsóknarblaðamaður Spegilsins og formaður yfirkjörstjórnar komu upp um metorðastreðara nokkurn, sem var orðinn úrkula vonar um að komast í framboð á vegum stjórmálflokkanna hafði gripið til þess

örþrifaráðs að smyglar sér inn á kennalistann. Þykir rétt að birta ekki nafn þessa ólánsmanns að svo stöddu þar sem ekki hefur náðst í alla ættingja hans.

Vegna þessa máls hefur landskjörstjórн ákveðið að tekin verði upp kyngreining við allar kosningar í framtíðinni og slíkt bundið í lög.



Þótt hæst hafi borið hið ósvífna uppátaeki karls þess sem smyglædi sér inn á kennalistann var það þó ekki einasta kosningasvindlið. Eins og meðfylgjandi myndir úr Morgunblaðinu sýna, en þær voru teknaðar á kjördag, var mjög misjafnt hvað frambjóðendur fengu marga atkvæðaseðla til ráðstöfunar. Jón Baldvin er til dæmis með fulla vasa af atkvæðaseðlum á sama tíma og Ólijó fékk engan seðil; og ekki virðist ætla að verða nokkurt látt á Albert við að troða atkvæðum í kjörkassan.

Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu hefur Spegillinn farið fram á það við forseta að hann fyrirskipi aðrar kosningar sem allra fyrst, bæði vegna þessa mikla kosningasvindls svo og vegna kolvitlausra úrslista.



# ÁLI FLOKKSBRODDA

Eins og önnur almennileg blöð birtir Spegillinn umsagnir flokksbrodda um úrslit kosninganna. Það skal tekið fram, að ummæli þeirra voru eftir þeim höfð er þeir voru þreyttir og örlítið hífaðir eftir að úrslit lágu fyrir um hádegisibilið sunnudaginn 24. Þá sl.



## Svavar Gestsson:

Ég hef ekkert álit á kosningum yfirleitt með þessari þjóð. Að mínu mati á að kjósa eins sjaldan og hægt er og um eins fáa og mögulegt er. En Flokkurinn stendur vel að loknum þessum kosningum. Með samstillingu kjaftanna tókst hinum sterku öflum að fella Ólaf Ragnar út af þingi og koma í veg fyrir kjör Kjartans Ólafssonar.

## Vilmundur Gylfason:

Mikill kosningasigur. Altso, við unnum. En ég vil benda á, og það er mergurinn málssins, að nauðsynlegt er að aðskilja nú þegar kjörfylgi og atkvæðamagn svo fjórflokkarnir haldi ekki þeiri einokun þingmannafjölda sem þeir hafa nú í krafti þess spillingarvalds sem veður um allt á skítugum skónum í sjóðakerfinu, Framkvæmdastofnun og bönkunum.

## Guðrún Agnarsdóttir:

Ég hef fengið annað og meira álit á konum eftir þessi úrslit, sem voru bókstaflega stórkostleg. Ég fæ ekki betur séð en konur séu það líka. Það kom mér á óvart.



## Albert Guðmundsson:

Þetta var góður sigur. Við töpuðum bæði atkvæðum og formanninum eins og ætlunin var hér í Reykjavík. Nú verður erfitt að halda fram hjá mér.

## Jón Baldvin Hannibalsson:

Þetta gekk vel og ánægjulegt að losna við Sighvat úr þingflokkusformennskunni svona átakalaust. Ekki þó þannig að ég sækist eftir djobbinu; en hver annar kemur svo sem til greina?

## Ólafur Jóhannesson:

Ég hef mitt álit á úrslitunum.

# FRÉTTIR

## Steingrímur datt iða

Steingrímur Hermannsson varð skýndilega miður sín af leiðindum á stjórnarmyndunarviðraðufundi með Geir Hallgrímssyni og Kjartani Jóhannssyni þann 10. maí sl. Gekk hann í öngum sínum burt af fundinum en laug því að Geir og Kjartani að hann kæmi að vörmu spori. Biðu þeir tvímenningar langtínum saman og ræddu um innri mann þann sem Steingrímur er sagður hafa að geyma.

Steingrímur fór hins vegar beinstu leið vestur á Flólagötu til Stefáns Jónssonar, fyrrv. alþm., sem var sextugur þennan dag og hafði boðið til herlegrar veislu.


Sat Stefán uppi með Steingrím uns forsetinn fó honum stjórnarmyndun.

## Óska eftir líffæraskoðun

Samtök um kvennalista hafa rituð landlæknir bréf þar sem þær fara fram á ýtarlega líffæraskoðun allra frambjóðenda samtakanna við síðustu kosningar í kjölfar þeirra uppljóstrana, sem birtar eru í Speglinum í dag.

I bréfi sínu benda Samtökini sérstaklega á einn frambjóðenda sem með undarlegri hegðan sinni veki með þeim grunsemdir svona eftir að hyggja. Sá frambjóðandi hefði til dæmis aldrei viljað fara með öðrum frambjóðendum í sturtu né gufubað eftir frambodsæfingar, en hins vegar hvatt þær hinarr og att þeim í ýmis konar böð í tíma og ótíma.

Það skal tekið fram að sá umræddi frambjóðandi situr ekki á þingi enn sem komið er.



Friðrik og Svavar í stjórnarmyndunarviðraðum.  
— Ljós. Spegillinn.

## Íslendingar á námskeiði í kafbátaleit

### Frá fréttaritara Spegilsins í Oslo, Páli Ásgeiri Tryggvasoni.

Tveir ungir Íslendingar, þeir Björn Bjarnason ritstjórnarfulltrúi á Morgunblaðinu og Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokkssins, komu hingað til Osloar í fyrradag til að sækja námskeið í kafbátaleit.

Hefur sendiráðið tryggt Kjartani pláss í Orionvél, sem flýgur yfir leitarsvæði með djúpsprengjur en Birni í varðturni, þar sem það er ætlun hans að fylgjast með rússneskum kafbátum úr Gróttuvitanum að námskeiðinu loknu.

Báðir piltarnir hafa hagað sér óaðfinnanlega og eru landi og þjóð til sóma.



## Stjórnarmyndunarviðræður

Peir Friðrik Sófusson, varaformaður Sjálfstæðisflokkssins og Svavar Gestsson, formaður Alþýðubandalagsins hafa ákveðið að mynda ríkisstjórn í lok þessa mánaðar. Hafa þeir haldið þessu kyrfilega leyndu fyrir fjölmöldum, og er ætlun þeirra að aðrir stjórnmalaleiðtoga geri sig að fíflum við tilganglausar þreifingar hverjir á öðrum og standi uppi ráðalausir og stjórnlausir að loknu öllu káfinu. Munu þeir vinirni þá æskja stjórnarmyndunarumboðs og tilkynna um stjórnarmyndun samdægurs.

Engan stjórnarsáttmála á að gera né heldur málefagnagrundvöll.

## Nýtt þjófafélag

Nú hefur verið stofnað nýtt þjófafélag, Bandalag jafnaðarmanna. Sérhæfir það sig í frímerkja- og umslagabjófnaði frá Alþingi, en mun ekki fúlsa við símaafslætti eftir því sem formaðurinn tjáir fjölmöldum.

Leifur Sveinsson, fréttaritari Spegilsins hjá Völundi.

## Úrslitin tilkynnt

Ljósmyndari Spegilsins var staddur á Broadway þegar úrslit alþingiskosninganna í Reykjavíkurkjördæmi voru tilkynnt og tók þá þessa mynd er allt ærðist af fögnudi þegar ljóst var að Jón Baldvin Hannibalsson hafði náð kjöri til þings. Jón var mjög hrærður vegna fögnuðar fólksins og tók nokkur dansspor.

Yst til vinstri á myndinni má sjá eiginkonu Jóns hálf undrandi yfir dansfimi bónda síns.

## Jón Baldvin kaupir hrædýrasafnið

Spegillinn hefur það eftir Bryndísi Schram, að Jón bónði hennar Baldvin, alþm., hafi ákveðið að kaupa hrædýrasafnið í stað þess að loka því.

Mun ætlun Jóns að auka veg safnsins og hefur hann þegar fest kaup á 23 afbrigðum af ref, tófu og skollum og látið flytja í safnið, flóðhest frá Argentínu og hringorma af Tjörnesi. Jón hefur einnig tryggt sér útflutning á hringormakyni þessu til Kaliforníu og hefst útflutningur orma og púpa strax og leyfi fest hjá viðskiptaráðuneytinu.

Jón mun sjálfur ætla að veita safninu forstöðu nema ef hann verður þingflokkformaður eða ráðherra. Fari svo mun Ámundi Ámundson umboðsmaður Jóns sjá um reksturinn.

## Hlustendakönnun RÚV.

Spegillinn birtir hér fyrstur blaða niðurstöður úr hlustendakönnunum Ríkisútværpsins með fullu samþykki Andrésar Björnssonar, útværpsstjóra:

Af 1600 manna úrtaki neitudo 832 að hlusta.

Af þeim 768 sem þátt toku voru 217 hlustunarhamlaðir, nákvæmlega 200 höfðu ekki útvarp, 132 hlustudo adrei a útvarp og 78 hlustudo aðeins á Keflavíkurútvarpíð eða Luxemburg.

Af þeim 141 sem útvarp heyrdu hlustudo 53 í strætó á leið úr og/eða í vinnu, 52 hlustudo lítið á sumt og ekkert á flest og nær eingöngu til að útloka sig frá heimilisþrasi. 18 hlustudo á upphaf verðurfrægna kl.



Geir H. Haarde biður fyrir þjóðinni. Ljósmynd. Spegillinn.

16:15 og þrír þeirra á alla fregnina, 11 hlustudo á óskalög sjúklings, einn hlustaði á hádegisfréttir og einn hlustaði á dagskrána alla, frá morgni til kvölds, mánudaginn 2. maí, Porkell Guðjónsson frá Bæ í Ölfusi. Hann liggar nú á gjörgæsludeild og er tvísýnt um heilsu hans.

## Nýr svæfingalæknir

Mörgum þótti Ólafur Jóhannesson, alþingismaður, með eindænum daufur og sofandalegur á kosningafundi DV í Háskólabíó rétt fyrir kosningar. Í tvígang náði hann að drepa niður alla stemmningu í húsinu með svo snöggum hætti, að fjöldi manns sofnaði á stundinni, einsog klórformi hefði verið úðað yfir fundargesti.

Nú herma nýjustu fréttir að Ólafur Jóhannesson hafi verið ráðinn sem svæfingalæknir við Bogarspítalann.

## Við beitum bara hörðu

„Petta gekk andskotann ekki neitt hjá okkur,“ sagði Jóhannes Nordal við tíðindamann Spegilisins er hann spurði hvernig þjóðarátak Seðlabankans til að byggja banka hefði tekist.

„Pjóðin er orðin löt og nísk af ofeldi og tímri ekki að sjá af nokkur hundruð miljónum króna í þjóðþrifnað. Hún skal ekki hafa betra af því. Nú munum við grípa til ymissa ráða. Okkar eigin ráða. Við munum ekki einasta láta afnema visitölubætur á laun og hirða þær sjálfir, heldur munum við einnig láta draga úr hinum gegndarlausa fjáraustri til hinna ymsu félagslegu mála og veita honum þess í staði. Seðlabankahúsið. Petta er forgangsverkefni og allt annað verður og skal sitja á hakanum sem ég hundur heiti,“ sagði seðlabankastjóri að lokum og bar ótt á.

## Helgistund

Sú nylunda hefur verið tekin upp í flokksstarfi hjá Sjálfstæðisflokknum að halda helga stund morgun hvern og miðjan dag. Hyggjast sjálfstæðismenn með þessu efla guðsóttu og góða síðu innan flokksins.

## Ættarmót hjá flugumferðarstjóra

Hinn nýi flugumferðarstjóri, Pétur Einarsson, hélt ættarmót og baráttusamkomu í flugturninum á Reykjavíkurflugvelli 1. maí sl. Mættir voru flestir ættingjar hans, sem starfa hjá embættinu; faðir hans, bróðir, tvær frændur að vestan, eiginkona föðurbróður hans og auk þess tvær fyrverandi ástkonur flugumferðastjórans.

Samkomu þessi fór vel fram í hvívetna.

Veislustjóri var Steingrímur Hermannsson, samgönguráðherra.

## Útlagastjórn

Í gær gerði Geir Hallgrímsson tilraun til að mynda útlagastjórn. Hann boðaði til fundar við sig þá Ólaf Ragnar Grímsson, Sighvat Björgvínsson, Sigurlaugu Bjarnadóttir, Ingólf Guðnason, Árna Gunnarsson og Magnús H. Magnússon.

Geir var hortugur við fréttamenn að loknum fundi sínum með þeim framantöldu, og sagði að þeir hefðu eyðilagt fyrir sér stjórnarmyndunartilaunirnar á dögum og krafðist þess að fá frið við þessa stjórnarmyndun. Ók hann síðan burt á vörubíl af Scanía-Vabis gerð.

## Geir á Spegilinn

„Mér er heiður af þessu tilboði ykkar og mun taka því með ánægju fái ég ekki að mynda útlagastjórn.“ sagði Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstæðisflokkins, þegar Spegilinn gerði honum atvinnutilboð, daginn eftir að hann skilaði stjórnarmyndunum boðinu til forseta.

Ef úr verður mun Geir taka að sér dreifingu á Speglinum, alls staðar annars staðar en í Reykjavík, eða á sömu slóðum og hann fékk að stýra kosningabaráttu flokks síns. Einnig verður honum gefinn kostur að skrifa fréttir og birta frumsamin ljóð sín.

## Tilkynning frá skrifstofu Forseta Íslands

gu forsetaritara  
menn verið ráðnir  
a við embætti

Forseta Íslands frá 1. maí s.l.  
Einn þessara manna, dr. Páll  
Pórólfsson, lögfræðingur,  
verður sérlegur ráðunautur  
forsetaritara. Hann er  
sérfrður í handhöfum  
forsetavalds.

Jón Bergþórsspn, Fil. lic.  
og Guðmundur Sveinsson,  
Lic-ès-lettres, verða túlkar  
embættisins í Afríkumálum.

Hannes Jónsson, prentari,  
ambassador og Dr. phil.,  
verður síðameistari  
embættisins, en hann er  
sérfræðingur í mannsíðum  
fjarlægra þjóða.

Fimmi maðurinn, Steinn  
Lárusson, forstjóri, hefur  
verið ráðinn í hlustastarf sem  
ferðaráðgjafi forsetans.

Mannaráðningar þessar eru óhjákvæmilegar þar eð  
fyrirsjáanlegur dráttur á  
myndun hæfrar ríkisstjórnar  
í landinu leiðir til þess að  
allar ferðáætlanir forsetans  
kunni að raskast á næstu 2 –



3 mánuðum. Allar ferðáætlanir þurfi því að endurskoða og er eigi einfalt verk að breyta um tveimur tugum ferðáætlana sem gerðar hafa verið á síðustu 18 mánuðum.

Dráttur á stjórnarmyndun jafngildir því kyrissetningu forsetans og er slíkt með öllu ópolandi. Verður því kannað á næstu dögum hvort breyta megi handhafa ákvæði stjórnarskrárinnar með bráðabirgðalögum þannig að forseti lýðveldisins fái notið sama ferðafrelsис og aðrir landsins þegnar.

## Bjartsýnis-verðlaunin

Stjórn bjartsýnisverð-launajóðs Brøste Gaard kom saman til skyndifundar í dag og afturkallaði verðlaunaveitingu til Rutar Ingólfssdóttur fyrir körstjórn eftir að sjóðsstjórnin hafði hlýtt á söng kórsins í Nýhöfnum í gerkveldi.

Bjartsýnisverðlaunin að þessu sinni fær Vigdís

Finnbogadóttir fyrir að láta sér detta til hugar að Geir Hallgrímsson gæti myndað stjórn, en hetjuverðlaunin falla Geir Hallgrímssyni í skaut fyrir að reyna stjórnarmyndun.

## Tímamót hjá Framsókn

Sá tímamótavíðburður gerðist hjá Framsóknarflokknum 29. apríl sl. að þingflokkurinn samþykkti með 3 atkv. gegn 2 — 9 sátu hjá — að taka ábyrga pólitiska afstöðu.

Formaður flokksins, Steingrímur Hermannsson, orðaði þetta svo í Tímanum 30.4. sl.: „Við höfum samþykkt að taka af ábyrgð þátt í viðræðum um stjórnarmyndun.“

Peir sem greiddu tillöggunni atkvæði voru Ólafur P. Pórðarson, Stefán Valgeirsson og Alexander Stefánsson, en peir sem greiddu atkvæði á móti voru Páll Pétursson og Ólafur Jóhannesson.

## Heiðursdrykkjumaður í barþjónaféluginu

Jónas Kristjánsson ritstjóri DV var kjörinn heiðursdrykkjumaður í barþjónaféluginu á hinni árlegu kokteileppni barþjóna.

Myndin var tekin eftir heiðurskjörið, en þá hafði Jónas sinnt dómarastarfi í keppninni í samtals sjö klukkustundir. Keppendur voru 32; kokteilar 79.

## Félag um viðhald flámælis

Að sögn Stefáns Jónssonar, fyrrverandi alþingismanns, munu nokkrir einstaklingar hafa ákveðið að stofna Félag áhugamanna um viðhald flámælis í íslenskri tungu. Er áætlað að halda stofnfund í Gamlá bíó um mánaðamótin maí/júní n.k. Fundurinn verður rækilega auglystur síðar.

„Við höfum orðið áþreifanlega varir við áhuga fjölmargra á viðhaldi flámælis í íslenskri tungu“, sagði Stefán í viðtali við tiðindamann blaðsins. „Það sem við höfum helst áhuga á að gera, fyrir utan að stofna samtök um þetta áhugamál okkar, er að tryggja með löggjöf rétt flámælis í íslenskri tungu. Til greina getur komið að binda í lög að um 10% af öllum fluttu efni í ríkisfjöldilunum, sérstaklega í útvarpini, verði á flámæli, en hvað sjónvarpið varðar, finnst okkur koma til greina að setja flámælistexta undir allt íslenskt efni sem þar er flutt.“

Að sögn Stefáns var hann tilbúinn með frumvarp til laga um lágmarksnotkun flámælis í íslensku máli, stuttu áður en þangi var slitið, þannig að það náið ekki að verða að lögum að sinni.

## Hannes Hólmsteinn í Hollywood

Hinn landsþekkti hugmyndafræðingur Hannes Hólmsteinn Gissurarson, leitar nú fyrir sér með meira olnbogarými en gefst hér uppi á Íslandi og rennir jafnframt á ný mið. Hann er sum sé staddur í Hollywood. Þar hefur hann þegar selt kvíkmyndahandrit eftir fræðiriti sínu Vitsmunir og örlög.

Framleiðendur Dallas-báttanna hafa átt í samningum við hann um að skrifa hagfræðilegt hlutverk til að bjarga JR og fyrirtækjum Júnganna frá gjaldþrotri. Samningar hafa strandað á því, enn sem komið er, að Hannes hefur ekki viljað fallst á, að leika sjálfur hlutverk hagfræðingsins nema JR, Jock og Bobby verði látnir falla fyrir mörðingjahendi í næst síðasta þættinum og hagfræðingurinn nái ástum miss Ellý í síðasta þætti.

## Heilagur andi í afvopnunarmálín

„Það er rétt eftir mér haft í Sjónvarpinu á dögumum,“ sagði biskupinn Pétur Sigurgeirsson í viðtali við Spiegelinn. „Biskuparáð Alkirkjuráðsins komst ekki að neinni niðurstöðu um það hvernig túlka bæri þá yfirlýsingum sem samþykkt var á fyrsta degi þingsins. Hins vegar varð mönnum ljóst að þeir Andropoff og Reagan munu alrei geta afvopnað hvorn annan, einhliða á ég við. Því varð það niðurstaða okkar biskupanna að skora á Heilagan anda að taka afvopnunarmálín í sínar hendur. Ég tel líklegt að hann hefjist handa eftir hviturasunu þegar hægist um hjá honum.“



## Fundur um karla-athvarf afboðaður

Undirbúningsnefnd um stofnun karlaathvarf afboðaði fund þann, sem hún auglýsti í Spiegelum að yrði þann 1. maí. Ástæðurnar eru einkum tvær: Hin stórhuga framkvæmd menntamálaráðherra við Athvarfamiðstöð ríkisins (sjá grein í blaði þessu) og svo sú ábending löggreglustjóra í ríkisútvarpinu 30. apríl, að starfandi væru karlaathvörf úti um allt land, þeas. tugthúsin. Bendir nefndin að karlaathvarfið Hverfisteinn er opíð allan sólarhringinn og geta undirokaðir og barðir eiginmenn leitað þangað fyrirvara laust, jafnvel drukknir.

## Íslenskt hugvit á heimsmarkað

DV skýrði frá því á dögumum að Íslendingur

nokkur hefði verið ráðinn til að mynda olíuflekk í Persaflöa.

Petta er mikil gleðifregn, sem vafalaust boðar betri tíð fyrir þá fjölmörgu Íslendinga, sem hingað til hafa kollkeyrt og klúðrað hverju fyrirtækinu af öðru af stórhug. Menn af þeiri þjóð sem hefur tekist með brautseigu og eljusemi að gjöreyða auðugustu fiskimiðum heims, svo að nú er hringormurinn einn eftir, og breyta mestöllu grðurlandi í eyðimörk, menn af slíkri þjóð hljóta að vera aflögufærir með góð ráð handa fákænum útlendingum hvernig best megi klúðra sem flestum málum á sem stystum tíma.

Samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytisins er það hinn þjóðkunni athafnamáður Kristinn Finnbogason, sem ráðinn hefur verið til olíufleksmyndunar. Aðstoðarmaður hans verður Sigmar B. Hauksson. Munu þeir félagar hafa uppi margs kyns hugmyndir um það hvernig mynda megi olíuflekk, stóra og smáa, þykka og þunna.

## Ætla að stela umboðinu

Spegillinn hefur komist að ráðabruggi kommúnista varðandi stjórnarmyndunarumboð það, sem forseti Íslands trúði formanni þeirra Svavar Gestssyni fyrir á dögumum. Hafa kommarnir komið umboðinu fyrir í öruggri geymslu í rússneska sendiráðinu við Garðastræti, en eins og fólk veit þá er umboðið úrblásið löupræs-egg. Síðan er það ætlun kommúnistanna að skila füleggi til forsetans, þannig að tryggt sé að ekki takist nokkrum þeim sem það fær í hendur að mynda hér löglega stjórn.

Lokapátturinn í þessum ráðagerðum kommúnistanna er síðan að mynda hér ríkisstjórn þegar upplausnin og öngþeitið er algjört. Verður hún mynduð með fulltingi rússneska sendiherrans og kapólska biskupsins í Landakotskirkju.

## Fratvisindamaður mánaðarins

Hugvísindadeild Háskóla Íslands hefur bryddað upp á þeiri nýjung að útnefna fratvisindamann mánaðarins. Deildin útnefndi Johannes Nordal fratvisindamann maímánaðar. Réði mestu um val nefndarinnar að Jóhannes er doktor í félagsvísindum, en þrátt fyrir það sá maður sem staðið hefur traustastan vörð um íslenskt efnahagslíf síðustu tvo áratugi með þeim frábæra árangri, sem þjóðinni er fullkunnugt um, og með því lýst algjöru frati á hagfræði sem visindagrein eða nauðsynlega undirstöðumennntun fyrir umsjónarmenn þjóðaraðæfa.

## Alvöru hamborgarar

Miklir hugsuðir virðast alltaf hafa nægan tíma til andlegra iðkana þó að þeir standi upp fyrir eyru í verkunum. Þannig gaf Albert Guðmundsson, 1sti pingmaður Reykjavíkur, sér tíma til þess í miðri kosningabarattunni að gera uppskrift fyrir Pétur Sveinbjarnarson í Askí að alvöru hamborgurum. Þótti mórgum sem timi væri enda til kominn að þjóðin gæti haett að leggja sér til munns gerfi hamborgarana frá Tomma og þeim hinum.

Uppskrift Alberts að alvöru hamborgurum er svona (birt án leyfis Alberts):

75 gr. svínafita.

40 gr. svínakjöt (skafið af beinum).

15 gr. trefjar.

½ bolli hvítt hveiti.

1 matskeið sykur.

Dálitið af salti, pipar og papriku.

Hakkið, hrærið, hnoðið og skellið á pönnuna.

Gott er að hafa Tilsetter-ost undir og ofan á borgaranum, kokkteilsósú úr Gunnars-Mayonesi og rúnstykki úr Kókuhúsini. Þá spillir ekki að nota two til því að dropa af Kvöldvorrósaroliu eða hertri geitarfeiti út í kjötdeigði í staðinn fyrir vanilludropana, sem notaðir voru í frumuppskriftinni.

Mælt er með hálfbri annarri flösku af frönsku rauðvini með hverjum borgara og hálfbri koniaksflösku í eftirrétt.

Sjáumst á Pollinum.





Espólín skrifar

# Ættir alþingis. kvenna·manna

Og hér kemur önnur geinin um pólitísku ættfræðina en sú fyrri vakti þjóðarathygli og mun verða notuð sem kennslubókardæmi í ýmsum greinum við Háskóla Íslands svo og við óæðri skóla. Má þar nefna stjórnmálafræði (kennari Ólafur Ragnar Grímsson), lögfraði (kennari Gunnar Schram), mannfræði (kennari Sigríður Dúna Kristmundsdóttir), liffræði (kennari Guðmundur Einarsson) og apafræði (kennari Haraldur Ólafsson). Meðal óæðri skóla má nefna Héraðsskólanum í Reykholti (kennari Ólafur Þórðarson), barnaskólanum í Varmahlíð (kennari Ragnar Arnalds) og Gagnfræðaskólanum á Húsavík (nemandinn Kolbrún Jónsdóttir).

Áður en lengra er haldið er mér skylt og ljúft að leiðréッta ýmsar smávægilegar villur sem slæddust inn í fyrri greinina en síkt getur alltaf gerst þar sem ættfræði er annars vegar. Humanum errare est, það er mannlegt að villast í vitlaust ból.

Pannig verður að upplýsa hér að **Ólafur Ragnar Grímsson** er ekki kominn af Skúla fögeta í beinan karllegg (því miður) og er margfaldlega beðist afsökunar á mistökumum. Feillinn uppgötvaðist af félaga mínum, ættfræðingnum Dofra Skúlesen, og var tilkynntur til viðkomandi rétt fyrir beina útsendingu í sjónvarpssal. Var það enda augljóst í þættinum að Ólafur Ragnar var ekki nema hálfur maður, svo var hann daufur í dálkinn. Féll hann í kosningunum og er jafnvel talid tvísýnt að Ólafur haldi prófessorsstöðu sinni í pólitískri ættfræði eftir að hið sanna kom í ljós. Rétt ættfræði eftir að hið sanna kom í ljós er svona: Ólafur Ragnar Grímsson rakara Kristgeirssonar Jónssonar í Bakkakoti Jónssonar gríss Magnússonar í Látalátum (bær í Rangárvallasýslu) Sigurðssonar sýs (eignarfall af sýr, nú oftast SÍS).

Önnur smávilla læddist og með. **Gunnar Schram** er ekki

bróðir þeirra Schramsyskina: Ellerts, Bryndísar og Magdalenu, heldur að sjálfsgöðu faðir þeirra enda leynir ættföldsvipurinn sér ekki. Og hann er þá vitanlega tengdaðir **Jóns Baldvins Hannibalssonar** sem náði glæsilegri kosningu fyrir atbeina Tófuvinafélagsins og Gunnars. Petta leiðréttist hér með.

Og þá er best að snúa sér í alvöru að ættfræðinni og taka fyrir hinn fríða kvennaflókk sem nú fyllir sali alþingis.

**Sigríður Dúna Kristmundsdóttir** pulsusala Jónssonar (hún er fjarskyld Ásgeir Hannes Eiríkssyni) er þeirrar gæfu aðnjótandi að vera **vel gift** inn í Reykjahlíðarættina, bingmannaeættina miklu sem getið var um síðast (gleymum Geir). Og það sem meira er. Maðurinn hennar er af sjálfum Gautlandalegg Reykjahlíðarættar (öfugt við Geir) sem er enn betra. Hann heitir Hjálmar Helgi Sigríðarson Jónsdóttur á Gautlöndum Péturssonar ráðherra á Gautlönd-

um Jónssonar alþingismanns á Gautlöndum Sigurðssonar en hann var tengdasonur Jóns í Reykjahlíð.

**Kristín Halldórsdóttir**, kona Dagblaðs-Jónasar, er hins vegar systir Svanhildar þeirrar er vann kosningarnar fyrir Vigdísí forseta um árið. Þær eru systurdætur Braga Sigurjónssonar hundraðagaráðherra og þeirra bræðra og náfrænkur Sandsbræðra. Petta ættfólk hefur passað sig á því að dreifa sér um alla stjórnmálflokka og tryggt þannig samtryggingu ættarinnar.

Sú þriðja, **Guðrún Agnarsdóttir** læknir, er þeirra kynbornust enda er hún komin af Magnús lanshöfðingja Stephensen sem stjórnæði landinu einn í margu áratugi. Pannig hefur Stephensenættin á nýja leik hafið tangarsókn inn í Völdin. Guðrún er dóttir Agnars Guðmundssonar skipstjóra en hann er sonur Elínar Stephensen, dóttur Magnúsar landshöfðingja.



Af öðrum nýjum (og gömlum þó) þingkonum má helst nefna **Ragnhildi Helgadóttur**. Móðir hennar var Kristín Bjarnadóttir frá Engey, móðursystir Bjarna Ben og þeirra systkina. Pannig eru bröðerne Blöndal (Halldór og Haraldur) náfrændur hennar og sama má segja um Björn Bjarnason yfirritskoðara Morgunblaðsins og Valgerði, konu Vilmundar. Þór Vilhjálmsen, maður Ragnhildar, og Vilmundur eru einnig braðrásynir. Ragnhildur er réttborin til þingmennsku í bak og fyrir og dettur varla út af þungi héðan af.

Og þá verður að sjálfsögðu að geta þeirra Vilmundarkvenna. **Kristín S. Kvaran** er að vísu ekki Kvaran og þar af leiðandi ekki náskyld Ragnari Arnalds (langafi hans var Einar Kvaran) en aftur á móti er hún hamingjusamlega gift inn í aett þessa og skýrir það að sjálfsögðu veru hennar á þungi.

EKKI hefur enn unnist tími

til að rannsaka aettir **Kolbrúnar Jónsdóttur** gagnfræðaskólanema á Húsavík en telja má víst að hún sé Pingeyingur og er það ærið nóg.

Af öðrum nýjum þingmönnum verða hér nefndir þrír til sögu:

**Steingrímur Sigfússon** frá Gunnarsstöðum í Pistilfirði er kominn í beinan karllegg af Skallagrími Kveldúlfssyni enda maður mikill, sterkur og ljótur og snemma sköllóttur. Mun hann höggva mann og annan ef hann kemst til vits og ára, eins og stundum gerist í þeirri aett.

**Guðmundur Einarsson**, fóstbróðir Vilmundar, er hins vegar kominn út af launsyni Skarphéðins Njálssonar, þess er fannst lifandi undir brunarústunum á Bergþórshvoli hálfum mánuði eftir brunann. Ber aettin þess enn merki og glottið er hið sama. Verður gaman að sjá til þeirra Steingríms saman á þungi.

Hinn þriðji er **Árni Johnsen** sem telur til skyldleika við Eggert Haukdal og Egil Jónsson á Seljavöllum. Eru þeir taldir fjórmennningar, komnir frá bræðrum þremur er bjuggu á Bakka í Svarfaðardal. Er Árni kominn af Gísla, Eggert af Eiríki og Egill af Helga. Ekki er vitað nákvæmlega hvernig aettir þessar koma saman enda hafa týnst úr liðir. Gíslanafnið helst þó enn í aett Árna, Eggert er skírður í höfuðið á Eiríki langafa sínum en Helganafnið hefur algjörlega týnst í aett Egils. Þó mun það vera til í Borgarfirði.

**Kjartan Ólafsson** Illviljarstjóri náði ekki kjöri á Vestfjörðum fremur en endranær og verður ofattum (nýrði mitt, innskot höfundar) um kennit. Í framboði var nefnilega líka frændi hans, **Ólafur P. Þórðarson** framsóknarmaður, og eru þeir systkina-börn í báðar aettir og öðrum

því algjörlega ofaukið (í þessu tilfelli Kjartani). Betur hefði getað farið ef Ólafur væri faðir Kjartans (sbr. Gunnar og Ellert o.fl.) og kannski er hann það. Altént er Kjartan Ólafsson.

Allt öðru máli gegndi um þá frændur **Jón Helgason** framsóknarmann og **Hjörleif Guttormsson** í ráðuneytinu. Peir eru **vara** systrabörn í aðra aettina og auk þess í framboði hvor í sínu kjörðumi.

Að lokum til gamans aett-rakning **Steingríms Hermannssonar**. Hún er svona: Steingrímur tilvonandi for-sætisráðherra (einhvern tíma) Hermannsson forsætisráðherra Jónassonar fyrrverandi for-sætisráðherra á Syðri-Brekkum í Blönduhlíð Jónssonar í Bakkakoti Jónssonar herðibreiðs Magnússonar Skúlassonar fógeta. Petta er svokölluð Bakkakotsætt sem undir engum kringumstæðum má rugla saman við Bakkabräðrabættina sem fyrri gat um.

# Á RÚMSTOKKNUM



Alhliða  
lesenda  
þjónusta



## Kæri þáttur.

Ég hef um nokkurra ára skeið haft veruleg afskipti af pólitík. Ég hef reynt að leggja mig mjög fram í mörgum meiriháttar málaflokkum. Ég var alþingismaður um skeið og léti verulega að mér kveða á þeim vettvangi og ég hef einnig verið talsvert virkur greinahöfundur í dagblöðum. Ég hef með öðrum orðum ástundað stjórmál á nokkuð háu plani.

Í kosningabaráttunni fyrir síðustu kosningar brá hins vegar svo við, að ýmsir illa innrættir andstæðingar mírir í pólitík og nokkrir fataframleiðendur lögðust svo lágt að gera fótin mín að aðalumtalsefní kosninganna. Þeir töluðu um gráu jólafötin ensku, brúnu fótin frá Ítalíu, norsku rifflaflaelisfötin, amerísku bláu úlpuna og eitthvað af nærfötum.

Mér finnst þetta mjög óheiðarleg kosningabaráttu og ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, enda er það á allra vitorði að mig klæjar almennt undan íslenskum fatnaði.

Spurningin er sú, hvort ekki sé neitt í stjórnarskrá eða almennum lögum sem bannar svona árásir á klæðnaði manna.

Ólafur R. Grímsson.



## Fyrstu viðbrögð þjóðarinnar

Speginum er heiður að því að geta skýrt lesendum sínum frá fyrstu og einu viðbrögðum þjóðarinnar við fyrsta tölublaðinu. Inn um póstlúguna barst þykkt og mikil umslag og í því samanbrotinn Spegill. Á hann var límdur lítil miði sem á stóð þetta eina orð: Vesalingar.

Spegillinn flytur sendanda bestu þakkir fyrir og hefði gaman af að hitta heiðursmanninn í eigin persónu.

## Kæri Ólafur.

Laganeftud Félags áhugamanna um alvarleg málefni tók mál Pitt fyrir s.l. laugardag. Meginniðurstaða nefndarinnar er sú, að menn séu alla jafnan berskjaldar fyrir svona svívirðilegum lávkúruhætti. Það er sem sagt ekkert í lögum sem bannar pólitíkska umfjöllun um klæðnað manna og meira að segja hafa margir ágætir og efnilegir stjórmálamenn orðið að lúta í lægra haldi fyrir kjafthætti og rógburði um fatnað, útlit og einkalif. Menn hafa þannig orðið að gefa stjórmál upp á bátinn vegna nefgalla, tanngalla, hárgreiðslu, göngulags, geðveiki, flogaveiki, heimsku og ónáttúru. Margt gott leiðtogaefnið í pólitíkinni hefur farið flatt á framhjáhaldi, fíkti og þuklun smábarna. Sömuþeiðis hefur margur farið flatt á klæðnaði sínum. Sumir hafa hins vegar risið upp úr meðalmennskunni á klæðnaði einum saman, sbr. sjálflysandi fótin sem Karvel mætti í á Alþingi í fyrsta sinn sem hann var kosinn og vakti óskerta og takmarkalausa athygli og gerir reyndar enn.

Það eina sem við getum ráðlagt í þessu sambandi er að skera sig hvergi úr, hvorki í klæðnaði eða útliti. Til þess að verða ekki fyrir aðkasti eiga menn að vera alþýðlega klæddir, helst í Leegallabuxum og einfaldri peysu. Þeir eiga helst að vera illa greiddir og niðurlútir og temja sér þunglamalegt göngulag. Það er hinn íslenski sauðasvipur, íslensku sauðalitirnir og íslenskur sauðsháttur sem virðist ganga best í kjósundur. Menn sem tileinka sér slíkt eru að skapi þjóðarinnar.

## Kæri þáttur.

Við erum nokkrir ungligar sem höfum lagt stund á sniff í nokkra mánuði. Við höfum sniffað af lími, bóni og kveikjaragasi með ágætum árangri. Spurningin er, geturdu bent okkur á eitthvert annað sniffefni, sem kemur okkur í stuð.

Nokkur í 11 ára bekk.



## Kæri þáttur.

Mig langar að koma á framfæri einni uppnefnisögu sem ég kann. Hún er svona:

Fyrr á árum var fuglinn drjúg búbót í Vestmannaeyjum. Nú á dögum mundi slíkt kallast aukabúgrein. Eitt sinn fóru nokkrir eyjarskeggjar úti Bjarnarey í fugl. Nokkrir eru við brúnina, en aðrir á bát við bjargið og hirða fuglakippur sem félagar þeirra kasta niður. Einn þeirra sem við brúnina er, Bjarni að nafni, þvælist fullframarlega og sviptist fram af í gjóstinum. Meiriháttar fall. Hann skellur í sjóinn með miklum boðaföllum og gusugangi og búast bátsverjar ekki við að sjá hann lifandi framar. En karli skýtur upp skammt frá bátnum og hrópar: „Heyrðu þið dynkinn, strákar?“ Síðan hefur þessi maður haft viðurnefnið dynkurinn, eða Bjarni dynkur.

Spegillinn þakkar fyrir sig. Jafnframt hvetjum við lesendur til að gauka að okkur efni. Ekki veitir af.

## Svar:

Ágaetu börn.

Við á Speginum skiljum vel vandamál ykkar í þessu sambandi og viðurkennum þörfina fyrir vímugjafa. Við höfum flett upp í alþjóðlegum fræðiritum um sniff og getum í því sambandi bent á bók Harris Krippanovits, gefin út í London 1979: *The joy of sniffing*. Þá getum við bent á bók Ole Olsen á síðsta ári: *Verdens sniff*.

Auk hefðbundinna sniffefna viljum við benda ykkur á nokkur sérslensk sniffefni. Vitað er til þess að menn hafa komist í annarleg áhrif við það að sniffa vel fyrir utan Osta- og smjörsöluna. Þá hefur sniff af gömlum sardínum gefið ágæta raun. Okkur er kunnugt um það að nokkrir Íslendingar hafa komist í annarleg áhrif við að sniffa fyrir utan þingflokksherbergi Framsóknarflokksins og einnig mun sniff af gömlu fólkigefa góða raun.



## Kæri þáttur.

Eins og sjá má af meðfylgjandi mynd er ég frekar lítið fyrir augað og það er reyndar mitt vandamál. Mér hefur allá tíð gengið mjög illa að ná mér í kvenmann. Þær hafa greinilega ýmislegt að athuga við útlit mitt og framkomu. Sjálfum finnst mér ég vera barnalegur í framan, einkennilegur í vesti og jafnvel með óeðilegar hvatir gagnvart öðrum karlmönnum.

Hvað á ég að gera?

Bjössi á Hornafirði.



## Svar:

Kæri Bjössi.

Pakka þér fyrir myndina. Það skal tekið fram að ekki er beinlínis þörf á því að senda okkur nektarmynd í fullri líkamss্তরো. Það er nóg að senda partamynd. Af útliti þínu að dæma teljum við ekki vanþörf á ýmsum meiriháttar lagfæringum. Við ráðleggjum eftirfarandi:

Brjóstin of stór. Pú verður að ganga undir skurðaðgerð og láta fjarlægja brjóst þín að öllu eða verulegu leyti. Þá þykja okkur læri og rasskeppir vera óeðilega fyrirferðarmiklir og prútir.

Eitthvað fleira gætum við nefnt í þessu sambandi, þó sérstaklega kvið og nárasvæðid, þ.e.a.s. það svæði sem alla jafnan er hulið stuttum nærbuxum. Hönnun þessa svæðis er öll meira og minna röng og fær ekki staðist að okkar áliti. Við þorun hins vegar ekki að ráðleggja neitt að svo stöddu. Við biðjum þig að senda aðra og glænýja mynd af þér, helst tvær, þar sem Kvenréttindafélag Íslands hefur beðið um eitt eintak til skoðunar. Gerðu ekkert af þér á meðan.


# ÞJÓÐARSÁL




**T**il þess að gera þjóðarsál Íslendinga skil þarf hið fyrsta að draga upp stjörnukort fyrir stofnun alþingis. Síðan að draga upp stjörnukort fyrir síðaskipti, stjörnukort fullveldis og að lokum stjörnukort fyrir lýðveldið. Auk þess hafa margar stundir í sögu landsins reynst afdrifarkar, svo sem setning laganna um stóradóm en sílfkort er utan pessa vettvangs.

**H**vað varðar stofnun alþingis, þá er erfitt að finna þeiri stund nákvæmjan stað í sögunni. Stofnár er sagt 930 og gefinn er upp fimmtdagur á milli 18. – 24. júní. Samkvæmt því er upphafskort Íslands á mörkum Tvirbura og Krabba. En sökum óvissunar um það hvaða mánaðardagur var fimmtdagur þá munum við láta það kort liggja á milli hluta að sinni.


**Ö**ðru vísi er farið með síðaskipti. Vitað er að Jón Arason var háls höggvinn í dögun 7. nóvember 1550 að Skálholti. Varla hefðu þeir lútherskir þó stigið það tímamótaskref að háls höggva síðasta kapólska biskupinn ef þeir hefðu haft vitneskju um þá dökku plánetuafstöðu sem hvíldi yfir landinu þann dag. (10. nóvember hefði t.d. verið mun hoppilegri aftukdagur fyrir íslensku þjóðina.) Nýtt tungl var í Sporðreka og auk þess ráðandi Satúrnus, Neptúnus og Plútó. Engin jörð er í kortinu enda töpuðu Íslendingar á þeim oldum sem á eftir komu öllum jarðneskum eignum sínum. Satúrnus er í öðru húsi eigna og peninga og er þar komin hin mikla fátækt landsins og sökum kvartiltengslanna við Tunglið einangrunin frá umheiminum. Plútó pláneta dauðans er þvert á Sólina. Satúrnus og Plútó eru um margt líkir og þegar báðir eru sterkir í sama kortinu fáum við þyngsli, myrkur og lokun. Petta eru plánetur grimmra örлага. Hins vegar gefa þær sárlænan styrk. Segja má að þeim erfiðoleikum sem af þeim skapast megi líkja við eldskírn og svartnaði sálar. Þjóð sem hefur stigið til heljar og upp aftur, á sér sterkan innri kjarna. Ekki er þó með öllu grunlaust að eftir sitji minnimáttarkennd. Minni-máttarkennd sem skapast af fátækt getur birst í viðhorfi þjóðarinnar til eigna og í framkomu hennar gagnvart útlendingum.



Siðaskipti; Jón Arason háls höggvinn.  
7. nóvember 1550,  
í dögun í Skálholti.



Íslenska fullveldið.  
1. desember 1918, kl. 12:00,  
Reykjavík.



Íslenska lýðveldið.  
17. júní 1944, kl. 13:30,  
Þingvellir.

# ÍSLENDINGI

\*\* Fullveldi,  
1. des. 1918

Kortið er bjart og hugstórt. Sól er með Venusí í Bogmanni á Miðhimni og veit það á nýjungairni, framfara-áhuga og hugsjónir. Sjóndeildarhringur þjóðarinnar stækkar, enda er Bog-maðurinn merki ferðalaga og útþrár. Íslendingar hætta að horfa inní sig og taka að sjá til heimsins. Bogmaðurinn er merki Júpiter og Júpiter pláneta vaxtar og útfærslu. Júpiter sjálfur er svo í sterkum tengslum við orku-planetuna Mars. Með stofnun fullveldisins er því lagður grunnur að framfórum og miklum athöfnunum. Mars er í Steingeit og Júpiter í Krabba og beinist orkan því að uppyggingu stjórnerfis og heimila. Og eins og alltaf þegar Júpiter og Mars sameinast verður um miklar öfgar að ræða.

**T**ungl er í Sporðreka í 9. húsi og táknað áframhaldandi tilfinningalokun (frá 1550), en 9. húsið vísar á aukin tengsl við útlönd líkt og Bog-mannsstada Sólarinnar. Vegna Tungls í Sporðreka og Plútós í 7. húsi er hætta á undirferli og baktjaldamakki milli vina Íslands og Íslendinga. Plútó í 7. húsi táknað meðal annars volduga vini.

**Ú**rbanus í öðru húsi veit á sveiflu-kennda afkomu og sérviskulegar hug-myndir á sviði eigna og peninga.

framkomu er fullveldisíslendingur-inn síbreytilegur, hreinskilinn og nýjungajarn og ekki laus við undirferli. Hugsjónir og framfarahygga eru ster-kstu eiginleikarnir. Tónnum sem barna kvíknar í þjóðarsálinni er glæstur og freistur. Segja verður sem er að röuleg er plánetuafstaðan og kraft-

## Framkvæmdaorka

Eldur	2	C2	+ 3
Jörð	1	F2	÷ 3
Loft	1	M2	***
Vatn	2		

(Sól-Mars)

Nokkurs stöðugleika virðist gata milli hins innraena og hins útræna í framkvæmdaorku Íslendinga frá 1550. Helsta ójafnvægið er að hið tilfinningalega og persónulega sigrar raunsæði í hlutfallinu 4 a móti 2.

## Greindarorka

Eldur	3	C0	+ 5
Jörð	0	F1	÷ 1
Loft	2	M4	
Vatn	1		

(Sól-Merkúrius)


Hér er um athyglisvert ójafnvægi að ræða. Jarðsamband skortir algjörlega í hugmyndaheimini Íslendinga. (Þó bírt skortur oft í andstöðu sinni.) Sveigjanleikinn er mikill en andlegt frumkvæði og festu skortir. Eins er greind Íslendinga öll útavíð og lítið um innri yfirvegin.

## Tilfinningaorka

Eldur	1	C1	+ 3
Jörð	1	F3	÷ 3
Loft	2	M2	
Vatn	2		

(Tungl-Venus)

Athyglisvert er að Venus er alltaf jákvæður og táknað að Íslendingar eru félagslega opinir. Tungl ð er hins vegar alltaf neikvætt og eru þeir því tilfinningalega lokabir og þar eð Tungl ð er að að F, tilfinningalega þunglamalegir.



(Jörð/loft eru raunsæð, rökraen element, eldur/vatn tilfinningaleg. C táknað frumkvæði, F festu og framkvæmdasemi, M sveigjan-leika. + er útrænt, ÷ er innraent.)  
Viðólfur.

Lýðveldi,  
17. júní 1944

Lýðveldiskortið er um margt ekki ólíkt fullveldiskortinu. Afram er sterkr Júpiter og hann er einnig í tengslum við Mars. Hins vegar er Mars-Júpiter í Ljóni heldur ópraktískari en Mars-Júpiter í Steingeit-Krabba. Stórhugurinn er eftir sem ádur til staðar en glæsileikinn er leikrænn og er ekki hægt að sjá annað en að hann jaðri við flottræfilshátt, sérstaklega vegna spennuafstöðunnar við Tungl í Nauti í 8. húsi peninga og eigna annarra. Par er komin hin óheppilega útbenslu tilhneiging Íslendinga, bruðl og sóun með eignir og peninga, gengdarlítil með eignir og peninga, gengdarlítil lanssöfnun og síðast en ekki síst, sýndarmennska. Vissulega er hér um ákveðinn kraft og glæsimennsku að ræða og sjálfsgagt er ákveðinn humor í því að spila sig flottann á alþjóðavettvangi sem heimafyrir.

Öðru lagi þá er 8. hús, hús peninga og eigna annarra. Í því liggur annað mesta vandamál Íslendinga. Það er skuldasöfnun. Og þar sem um Naut er að ræða þá er hætt við því að hér sé um lífseiga skuldasöfnun að ræða. Í edli Nautsins er fólgin sterk inertia, þ.e. hreyfingarleysi og byngsli, erfitt er að breyta til. Í besari Nautsþöður einnig um mikla efnis- og nautnhyggju að ræða.


**Ú**tkoman er sú að efnishyggi leiðir til skuldasöfnunar. Efnis- og nautnhyggja sem er í sjálfu sér tilgangslítill. Segja verður að þessi Ljón-Naut staða bírtist hér á frekar dæmgerðan hátt. Gjafmildi og þörf fyrir stíl og glæsileika leiðir iðulega til bess að lifað er um efni fram.

**A**ð öllu þessu athuguðu verður að segjast sem er að 17. júní 1944 hafi ekki verið heppilegur stofndagur lýðveldis. Pessi plánetuafstaða hefði hent að mun betur fyrir stofnun á leikhúsi, bó að sjálfssagt hefði komið upp sama skuldstaðan. Þá hefði ríkið hins vegar getað hlaupið undir bagga. Ekki er þó hægt að skafa það utanaf lýðveldi-um að það hefur sinn stíl og glans.

Lýðveldis-fjöturinn\*

Mesta vandamál lýðveldisins liggu á áðurnefndum Mars-Júpiter kvartil við Tungl í Nauti í 8. húsi. Í fyrsta lagi þá á Mars-Júpiter alltaf erfitt með að hemja sig. Hann er of bjartsýnn, hann færst of mikil í fang, hann bólgnar og langt, hann þenur sig út,

gengur of langt, hann gengur of langt, hann bólgnar og tútar. Í Ljóni er hann flottræfill.



# Loksins eitthvað almennilegt!

Ferðaþjónustan Kafskip býður upp á ævintýraferðina í ár: Millilandasiglingar á hafssbotni.

Á meðan aðrir fljúga eða velkjast á úfnu hafi, ælandi og spúandi á Maxim Gorkí, Eddunni eða Smyrli bjóðum við þér kyrláta siglingu með kafskipi af Vodkagerð.

Lagt af stað frá Ingólfsgarði hvern fimmtudag kl. 21:00. Damað út bugtina í landgöngupramma frá hernum. Við Gróttu er sigið um borð í hin lyttifögru kafskip okkar.

Sigt til meginlands Evrópu með viðkomu í norska skerjagarðinum þar sem fram fara ókeypis flugeldasýningar að næturlagi.

Landganga í tungliskini í einum af sænsku innfjörðunum innifalin í verðinu. Tökum bílinn í slef. Önumst endurryðvörn í áfangastað.

Afbragðsgóð greiðslukjör: Hægt að borga með ýmsu djönki að heiman; Gömlum gallabuxum, nælon sokkum, hljómplötum með Björgvini Halldórs-syni, tyggjói og jafnvel íslenskum krónum.


## Þetta er ævintýraferðin í ár!

Engar nánari upplýsingar. Óþarfi að panta. Nóg framboð af kafskipum.



# Hvað gaf Guð ?





Afleiðingar altarisgöngunnar:

## „Ofbeldi, rán, glæpir og mord“

„Petta er hvort tveggja lögþrot og regin hneyksli. Að hugsa sér að það skuli hafa verið látið átölulaust hingað til að þjónar Guðs freisti barna með áfengi, sem leiðir til ofdrykkju, glæpa, rána, morda og alkóholisma. Og það í kirkjum landsins.

Ég gat ekki horft uppá þetta lengur. Þess vegna kærði ég,“ sagði Erna Guðmundsdóttir, sanntíruð kona og bindindis-söm, er Spegillinn hitti hana að heimili hennar í Njarðvíkunum á dögunum.

„Hér hef ég myndir af Óla bróður mínum, sem segja meira en mörg orð um nauðsyn þess að stöðva þegar brennivínsgjafir prestanna.“ sagði Erna að lokum og krafðist þess að við birtum myndirnar.

Til vinstrí Ólafur á fermingardaginn. Til hægri Ólafur 12 árum eftir altarisgönguna.

Myndina tók Erna er hún loks hafði upp á bróður sínum en hann „býr“ í Harlembverfinu sem svo er nefnt. Hún færði bonum ýmsan prentaðan fróðleik um áfengisbolið og reyndi með fortólum að fá hann til að snúa úr því spori, sem altarisgangan hafði beint lífi hans í.

# Þjóðhagslega hagkvæmt

Eins og lesendur Spegilsins muna, þá sagði Alþýðublaðið frá því í frétt skömmu fyrir kosningar að þingflokkur Alþýðuflokkssins ef einhver yrði, ætlaði að leggja fram á Alþingi næsta haust frumvarp til laga um stóreflingu ferminga á Íslandi. Sagði í fréttinni að frumvarpið gerði ráð fyrir því að þjóðhagsstofnun yrði falið að gera 10 ára áætlun er miðaði að því að auknar fermingar veittu um 15000 manns atvinnu á næstu 10 árum.

### Betri leiðir bjóðast

Spegillinn hitti Jón Baldwin Hannibalsson á Broadway s.l. laugardagsmorgunn þar sem þau hjónin voru að vaska upp frammi í eldhúsi, og sagði hann það rétt vera að Alþýðuflokkurinn hyggðist leggja þetta fram á næsta þingi.

„Eins og fram kom í kosningabaráttunni, þá erum við Alþýðuflokksmenn þeirrar skoðunar að landbúnaður sé mikill baggi á bjóðinni og að brýna nauðsyn beri til að fækka bændum með hinni svokallaðri styttingaraðferð. Við höfum einnig barist gegn sjávarútvegi í nokkur ár eins og kunnugt er og teljum hann undirrót efnahagsöngþveitisins. Við höfum talið að íslenskur átöppunariðnaður komi ekki til með að leysa atvinnumál Íslendinga o.s.fr. Við bjóðum nýjar og betri leiðir. Frumvarpið um stóreflingu ferminga á Íslandi er liður í því. Að minni ósk

er þjóðhagsstofnun um þessar mundir að reikna út áhrif stóraukinna ferminga á atvinnumál framtíðarinnar“.

### Hugmyndin mjög góð að álíti þjóðhagsstjóra

„Við erum að vinna að þessu máli núna,“ sagði Jón Sigurðsson, þjóðhagsstjóri, þegar fréttamaður Spegilsins hitti hann í skrúdgöngunni á sumardaginn fyrsta. „Pað gefur auga leið að hinir hefðbundur atvinnuvegir Íslendinga taka ekki við auknum mannafla á næstu áratugum. Við höfum oft velt því fyrir okkur á Þjóðhagsstofnun að finna einhverja sniðuga lausn á þessu vandamáli, þess vegna var það mjög kærkomil þegar okkur barst bréf í pósti frá Jóni Baldwin Hannibalssyni um daginn með þessari ágætu tillögu. Pað sem kæmi helst til greina í þessu efni er eftirfarandi:

### Fermingasjóður — Fermingabætur

1. Að allar fermingar standi yfir a.m.k. eina viku. Gjafir verði auknar um 17,5% á ársgrundvelli og að stofnaður verði fermingasjóður Íslands sem deild í byggðasjóði, sem hafði það hlutverk að greiða niður fermingagjafir a.m.k. í ýmsum



# að stórauka fermingar

kjördæmum landsins, eða dreifa fermingabótum til fjölskyldna upp að ákveðnu tekjumarki. Í þessu skyni yrði tekið stórt erlent lán. 5 söluskattstig yrðu hins vegar lögð á allar fermingagjafir og yrðu þær tekjur notaðar til að greiða niður hið erlenda lán. Með þessu áætlum við að þjóðarframleiðan muni aukast um 2%. Fjármunamynundun um 10% og þjóðartekjur um 12%.

## Ferming og afferming

**2.** Pá kæmi til greina að fjölga fermingum. Hugmyndin um að tví- eða þríferma alla íslenska unglingsvirðist að mörgu leyti aðgengilegri. Með tvífermingunni er átt við að ungligar verði fermdir og affermdir með ársmillibili. Gjafir og veisluhöld yrðu lögskipuð í bæði skiptin og niðurgreiðslum eða fermingabótum beitt til að örva frambóð og eftirsprung.

Breytingatillaga Seðlabankans í þessu sambandi er um svokallaða stigfermingu. Í henni felst að íslenskir unglingsverði fermdir í þrem áföngum, fyrsta stigi (sokkabandsstig eða hvít beltið), öðru stigi (gelgjustig eða bláa beltið), og þriðja stigi (manndómsstig og/eða svarta beltið).


Fermingar af þessu tagi mundu sennilega bjóða upp á atvinnutækifæri sem mundu svara 10.000 mannárum á næstu 5 árum, kirkju- og guðsbjónustugeirinn myndi stækka verulega í þjóðarbúskapnum og allt trúar- og viðskiptalif kæmst upp á miklu hærra plan.

## Aðskilnaður foreldravalds og fermingavalds

Að lokum er verið að útfæra hugmynd Vilmundar Gylfasonar um aðskilnað foreldravalds og fermingavalds. **3.** Hugmyndin gengur út á það að þjóðkirkjan yrði sett undir Framkvæmdastofnun ríkisins og öll þjóðin yrði fermd á 5 ára fresti. Hver ferming héti sínu ákveðna nafni, t.d. fyrsta ferming byrjendur, járnferming eftir 5 ár, eirferming eftir 10 ár, koparferming eftir 15 ár, silfurferming eftir 20 ár, gullferming eftir 25 ár o.s.frv. Í tillögunni er gert ráð fyrir að bundið verði í lögum að allir eyði a.m.k. 5% af ráðstöfunartekjum sínum í nýjar innfluttar gjafir. Áhrif af tillögu Vilmundar á efnahag landsmanna hafa ekki verið reiknuð út ennþá, en þau eru gífurleg,“ sagði Jón Sigurðsson, þjóðhagsstjóri að lokum.

## Einn flokk til ábyrgðar

Spegillinn bar hugmyndir þjóðhagsstjóra undir Geir Hallgrímsson þar sem hann stóð í tröppum Bernhöftsbakarís fyrsta maí: „Það er alveg augljóst að í fermingamálum verður að leiða einn flokk til ábyrgðar,“ sagði Geir Hallgrímsson. „Við vörum við haftastefnu kommúnista í fermingamálum, sem lýsa sér m.a. í hinum brjálæðislegu hækjunum á messuvini í stjórnartíð Ragnars Arnalda, fjármálaráðherra,“



## Hálft annað viðtal við Guðsmenn

### „Það er það“

„Ég má ekki vera að því að tala við ykkur. Ég var búinn að segja ykkur það. Það er hávertið. Ég á að ferma 135 stykki á morgun, og er ekki hálfnáður að skrifa út kvittanirnar. Það er rúmlega 80 þúsund kall undir. 750 kall á kjaft. Komiði eftir helgina. Þá verða vertíðarlok. Þá liggja rúm 1200. En ekki núna. Alls ekki.“

Petta var dómþrófasturinn í Reykjavík. Og við reyndum við fleiri. Sama sagan alls staðar.

En biskupinn hafði smugu. Enda að mestu hættur að ferma. Adeins ein og ein altarisganga fyrir spottprís.

„Fermingin er dásamleg athöfn,“ sagði hann. „Dásamleg athöfn. Bæði fyrir gerendur og þolendur, prest og barn. Og hvorir tveggja hafa nokkuð fyrir sinn snúð. Á fermingardaginn hefur margur unglingsurinn komist í álnir og því er ekki að leyna að fermingartekjur presta, sem eru skattfrjálsar, hafa og sitt gildi. Petta er örugg tekjulind, en ekki eins ótrygg og jarðarfjararbrans- inn. Það er aldrei að vita hversu margir drepast á hvert. Sjálfur hef ég orðið fyrir því að fá ekki eina einstu jarðarför í eitt og hálft ár. En fermingin er árviss.

Hin guðrækilega hlið fermingarinnar hefur áreiðanlega sitt að

segja líka. Og ekki má gleyma hagfræðinni. Flestir prestar kenna bíblíusögur í skólum og geta nýtt þá túma til fermingarundirbúnings. Af því er ágæt hagræðing. Nú þá hleypir fermingarvertiðin lífi í sjóði Hins íslenska bíblíufélags. Það er hreint ótrúlegt hvað selst af sálmbókum og Nýja Testamentinu þennan túma.

Loks er að geta ríkissjóðs. Hann fær einnig sitt. Það eru nú ekki dropateljararnir á messuvíninu nú til dags. Enn síður að lokinni altarisgöngunni,“ sagði biskupinn og flissaði.

„Loks er svo það sem aldrei má gleymast,“ sagði hann að lokum. „Guð er nær. Sá sem tekur trú, hina sönnu kristnu trú, eykur með sér þróngsýni, sem sannarlega er ekki vanþörf á í þeirri galopnu viðáttu hins tryllta fjölmíðlabjóðfélags nútímans. Sá sem er svo heppinn að næla sér í guðstrú við fermingu, honum er allvel borgið; það fólk er yfirleitt hæfara til að einangra sig frá lífsins lostasendum og getur betur einbeitt sér að því að koma sér upp þaki yfir höfuðið, eignast bíl, sumarbústað, safna fyrir Útsýnarferðum og reyndar til hvers eina sem máli skiptir. Sá sem trúir á Guð föður almáttugan og hans einkason, sá hinn sami getur óhikað þá sjá um sín mál. Og hann gerir það. Og þeir gera það. Það er það.“



### Tilkynnig frá biskupsstofu

Pjóðirkirkjan verður lokað í 40 daga og 40 nætur frá kl. 14:45 annan dag hvítasunnu. Peir sem nauðsynlega þurfa að ná í prest — og þá eingöngu vegna dauðsfalla — eru beðnir að snúa sér til Ferðaskrifstofu ríksins, sem í nauðvörn gefur upplýsingar um verustaði presta.

Biskupsritari.

### Einstætt tækifæri

Látið ekki happ úr hendi sleppa. Síðustu forvöð að láta mig ferma. Er róskur. Fer að hætta. (Loforð.)

Sigurður Haukur Guðjónsson.

### Varnir og verjur

Fermingarbörn athugið!

Eigum landsins mesta úrval af P-pillunni. Seljum einnig hettur, smyrsl og froðu; kítlismokka og hina heimsfrægu Sultan-smokka í öllum stærðum og mörgum litum.

Landsamband apótekanna.

### Hver bíður betur?

Bíð hagstæðustu greiðslukjörin á markaðnum. Tek víxla, verðbréf, ávisanir fram í tímann, hvað sem er, bara ef ég fæ að ferma.

Pórir Stephensen.

### Allt til ferminga

Takið fermingu hjá þjóðkirkjunni sjálfri. Ferðadiskó. Vasadiskó. Leynigestur, ef óskað er. Trúbadorar. Forðist eftirlíkingar.

Pjóðirkirkjan.

### Hrífandi lesning

Munið biblúúrvalið. Bók fyrir alla fjölskylduna. Stríð og stormar. Ástir og örlog. Hrífandi lesning.

Hið íslenska biblúfélag.

### Hagstæð kaup

Prestar! Prelátar!

Kaupið messuvinið hjá okkur. Seljum uppskriftir og það sem með þarf. Fljót og góð afgreiðsla.

Áman. (Undanþegin söluskatti).

### Fermingarþjónustan

Geng í hús og fermi. Hagstæð greiðslukjör ef samið er strax. Fjölskylduafsláttur. Hef full réttindi.

Ólafur Skúlason.

### — Skipti — Skipti

Vil býtta á skíðum og fótanuddtæki. Á ennfremur auka gærur. Tek hvað sem er uppi.

Dóra.



## „Stóð undir sér“

Að Skógarseli 13 í Reykjavík hittum við að máli hjónin Guðrún Guðmundsdóttur og Guðstein Guðvarðsson, rétt í bann mund er fermingarveislu dóttur þeirra Guðlaug var að ljúka.

„Petta tókst afsprymu vel,“ sagði Guðsteinn. „Mér sýnist að við höfum haft upp í kostnaðinn. Mestu ráða græurnar sem stelpan fékk. Djöfull góðar með fjórfoldum, 2050 Watt a hljómburði. Já, ég held að þetta hafi sloppið.“

„Petta var svo sem engin stórveisla hjá okkur miðað við það sem gerist og gengur,“ sagði Guðrún. „Ætli þetta hafi ekki verið rúmlega sjótíu manns, fyrir utan okkur. Mest skyldmenni. Annars voru þarna tvenn hjón, sem ég kannaðist ekki við, ... þekktir þú þau, Guðsteinn?“

„Pessi dökkleitu,“ svarar hann. „Nei, þegar þú nefnir það, ... nei, það veit ég ekkert um. En þau komu með hrærvél.“

## „Skítaparti“

„Eru ánægð með að vera komin í kristinna manna tölu?“  
„Tölù hvað?“

„Kristinna manna tölu. Það þýðir ...“

„Góði besti ruggaðu’ðér. Hvuddn djöfulan viltu?“

„Ég ætlaði að spryja þig út í ferminguna.“

„Huuu,“ sagði Guðlaug. „Bara það. Petta var skítaparti. Og hallærislegt. Mamma löngu útfrikuð á tauginni. Pabbi með eitthvert hallærislegt kallpungagrobb yfir mér af því að ég er ekki dóttir hans. Hann er ónýtur, þú skilur. Svo fékk ég bara

þetta venjulega. Fótanuddtæki, steríó, sjónvarp, skíði, ooohh þú veist, allt þetta sem allir eiga. Það er munur eða hún Gunna, sem ég var í partínu hjá; pabbi hennar og mamma eru sko arminileg; þau fóru með prestinum og leyfðu henni að halda parti. Hún fékk líka allt mögulegt; Nuddara, pilluna, og pabbi hennar gaf henni graðfola. Gráan gradda. Flippað, finnst þér ekki?“

Og okkur fannst það.  
Og fórum.



Ólafur Þórðarson

# Sæði handa Guddu

Einn af mestu hugsuðum þessarar þjóðar er Geir R. Andersen. Hann hefur frjótt í myndunarafl, fastmótaðar skoðanir og er kengfullur af jákvæðum viðhorfum til mannlífsins og umhverfisins alls.

Geir gerði Speglinum þann heiður að senda honum eftirfarandi grein til birtningar, og þar sem hún fellur eins og flýs við rass — eða böllur í feita vinnukonu — við ritstjórnarstefnu blaðsins birtist hún hér og nú.

## Pyntingar og blekkingar

Hvað er að hjá einni fá-mennstu þjóð heims?

Við höldum uppi sjálfsþyntingarstefnu, einangrunarstefnu og sjálfsblekkingarstefnu, sem er einsdæmi í veroldinni.

## Horrim hafta og niðurlægingar

Sjálfsþyntingarstefnan kemur berlega í ljós í þeim greinum er snerta verslun og viðskipti.

Hömlur á auglýsingafrelsi er eitt dæmið.

Auglýsingar um áfengi og tóbak er glöggt dæmi um þetta. Löggjafinn (Alþingi) setti reglur um merkingu sígarettupakka.

Petta lagðist niður vegna of mikils kostnaðar. Og viðskipti halda áfram að draga fram lífið á horrim hafta og niðurlægingar.

## Peir sem hæst jarma

Lokunartími verslana er annað dæmi um sjálfsþyntingarstefnu þá sem neytendur á Íslandi gangast undir af skinhelgi og ímyndaðri samstöðu með launþegum í verslunarstétt. — Peir sem hæst jarma um að „verslunarfolk þurfi nú frí eins og annað fólk“ eru fyrstir að búðardyrum þeirra kaupmanna, sem að eigin frumkvædi vilja veita nauðsynlega þjónustu þótt svokallaður helgidagur hafi verið settur á almannakið.

## Sem karlar eiga en Kanar fá að njóta

Lélegt sjónvarpsefni og niðurdrepandi er líka eitt dæmið um sjálfsþyntingarstefnu Íslendinga, ásamt með þeiri staðreynd að í landinu er sjónvarp að einu besta afþreyingarefni sem pekkist í heiminum, — og nú móttekið af jarðstöð sem kostud er af almennungi í landinu, fyrir varnarliðið, en almennungi fyrirmunað að njóta.

## Bullarinn



Geir R. Andersen.

## Aumingjaskapur Íslendinga

Stjórnvöld, þar með taldir allir pólitísku flokkarnir hafa ákveðið að hér skuli vera til staðar varnarlið, sem ma. á að koma til móts við þann aumingjaskap Íslendinga, að hafa einir þjóða ekki á að skipa heimavarnarliði, sem getur brugðið við sem fyrsta aðgerð, ef um óvænta ógn er að ræða. Þegnskylduvinna í einu eða öðru formi hér á landi hefur alltaf verið bannorð og er það eitt og sér tilefni mikillar niðurlægingar.

## Landið er hvorki fagurt né frítt

Pað er sjálfsblekking þegar því er haldið fram að íslensk náttúra og landslag sé viðkvæmara, landslag segurra hér og því þurfum við að gæta okkar vel á útlendingum. Peir fara með hvougt með sér. „Jú, þeir taka nú landslagsmyndir hér og fara með úr landi,“ segja einangrunarsinnar!

## Versti fiskur í heimi

Pað er sjálfsblekking þegar því er haldið fram, að fiskur frá Íslandi sé sá besti sem fyrirfinnst. Íslenskur fiskur er eins og gengur og gerist, en hann er sá allra versti þegar íslensk mannhönd hefur meðhöndlað hann.

## Dansktt sæði handa Guddu

Pað er sjálfsblekking að ekki megi rækta hér holdanautastofn, nema í sérstökum „Gulak“-stöðvum vegna þess að sæðið sé úr erlendum stofnum. Hins vegar má óhindrað flytja inn dansktt mannssæði handa Guddum og öðrum „fjallkonum“ hinnar hreinu náttúru!

## Af stað burt

Pað er hrein sjálfsblekking að setja bod og bönn gegn frjálsu þjóðlifi sem Íslendingar sækja sjálfir svo mjög eftir að njóta að þeir leggja margir hverjur fram aleigu sína til að komast úr landi sjálfsþyntingar, einangrunar og sjálfsblekkingar 365 daga samfleyytt.

Geir R. Andersen.

# ATHVARFA

Eitt síðasta stórvirki Ingvars Gíslasonar menntamálaráðherra var að boða til blaðamannafundar á Hótel Söguþann 1. maí s.l. Tilefnið var vinnuskrýsla nefndar um athvörf, sem skipuð var að frumkvædi menntamálaráðherra. Auk blaðamanna voru viðstaddir fulltrúar allra helstu hagsmunasamtaka í landinu.

Menntamálaráðherra bauð gesti velkomna og sagði síðan: „Sumarið 1982 var mér orðið vel ljóst að athvarfagledi hinna ýmsu félagasamtaka var úr hófi hlaupin, og í því máli ríkti algjört skipulagsleysi. Komin voru skólaathvörf, kvennaathvörf, athvarf ganglimafatlaðra, athvarf Samtakanna 78 og miklu fleiri. Ég taldi því einsýnt að ábyrg stjórnvöld yrðu að grípa í taumana, taka frumkvædið og móta heildarstefnu í athvarfamálunum.

Ég beitti mér því fyrir skipun níu manna nefndar eða starfshóps í júlí-mánuði á síðasta ári. Skyldi nefndin gera tillögur að skipan þessara mála og jafnvel að semja drög að frumyarpi, er ég gæti síðan lagt fyrir Alþingi. Nefndina skipuðu eftirtaldir aðilar:

Jónas Pálsson, sálfræðingur, tilnefndur af Verslunarráði Íslands,

Porkell Bjarnason, hrossaræktarráðunautur, tilnefndur af samtökum stóðhesta eigenda,

Jónína Benediktsdóttir, íþróttatrafæðingur og morgunleikfimistjóri, tilnefnd

af Mjólkurfélagi Reykjavíkur, séra Ólafur Skúlason, dómprófastur, tilnefndur af aukateknaneft Prestafélags Íslands,

Bessy Jóhannesdóttir, sagnfræðingur m.m. tilnefnd af Málfreyjuflaginu Tunguhalt á Seltjarnarnesi og Íðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík,

Friðrik Sófusson, alþingismaður, tilnefndur af Samtökum Silfurfermdra (þ.e. þeirra sem eiga 25 ára fermingarafmæli),

Steinn Lárusson, forstjóri, tilnefndur af Félagi Ferðaskrifstofa,

Tómas Þorvaldsson, forstjóri, tilnefndur af Hringormaneftnd og SÍF.,

Stefán Ólafur Jónsson, starfsvalsstjóri Menntamálaráðuneytisins og væntanlegur ráðuneytisstjóri, tilnefndur af Menntamálaráðherra. Var hann jafnframta formaður nefndarinnar.

Niðurstöður nefndarinnar liggja nú fyrir og er mér mjög óhætt að segja að nefndin hafi unnið frábært starf, rösklega og mikið. Tel ég að niðurstöðurnar séu tímamótamarkandi í menningarsögu þjóðarinnar. Niðurstöðunum hefur verið deilt til ykkar og mun ég því ekki hafa fleiri orð hér um. Stefán Ólafur, formaður nefndarinnar, og aðrir nefndarmenn munu síðan skýra niðurstöðurnar og svara fyrirspurnum. Takk fyrir.“

Stefán Ólafur: „Já, í þessu 186 síðna nefndaráliti er að finna heildarstefnu-

mörkun í athvarfsmálunum. Mun ég nú draga saman helstu þættina. Nefndin mælir með að sett verði á stofn Allsherjarathvarf eða Athvarfamiðstöð ríkisins á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Dreifbýlismiðstöðvar með landsbyggðarþjónustu í hverju kjördæmi. Yrði fjöldi einstakra athvarfa í dreifbýlinu að ráðast af framboði og eftirspurn á hverjum stað.

Nefndin leggur til að farið verði afar gætilega af stað. Þó er talið eðlilegt að byrjað verði með eftirtalin athvörf:

**1.** Athvarf fyrir þá sem ekki geta, eða fá ekki, að stunda kynlíf heima hjá sér (kallað á útlendum tungum „massage centres“ eða „brópel“). Gera verður ráð fyrir að þörf verði fyrir slík athvörf í öllum kjördæmum. Hverfasamtökum í Reykjavík verði falið frumkvædið á höfuðborgarsvæðinu.

**2.** Athvarf fyrir fólk, sem ekki hefur burði til að berja maka sína heima. Slíku fólkum gæfist kostur á að berja minna fólk í athvarfi. Verði sett í öllum kjördæmum.

**3.** Athvarf fyrir foreldri, sem ekki fá að berja börn sín í friði fyrir hinu foreldrini. Ekki talin þörf á þessu athvarfi á Austurlandi.



# MÍÐSTÖÐ

- 4.** Athvarf fyrir foreldra, sem ófermd börn henda út af heimilum. Fjöldi ekki fullljós.
- 5.** Athvarf fyrir fordekrud fermingarbörn á öllum aldri, þ.e. nýfermd, 10 ára fermd, silfurfermd, gullfermd. Fermingarbörnin gætu þar stundað hrossaprang, skipst á stereógræjum, farseðlum til útlanda o.s.frv.
- 6.** Athvarfsskrifstofa (umboðsskrifstofa) fyrir manndómsvíglu athafnir fermingardrengja í Bankok á Tailandi. Ferðaskrifstofur sæju um skipulagningu.
- 7.** Athvarf fyrir örþjarga þjónandi presta. Eingöngu er gert ráð fyrir þessum athvörfum í Reykjavík og Kópavogi. Þar mætti hafa ókeypis Bingó og spilakassa, og deila út gratis strætómiðum.
- 8.** Athvarf fyrir fallna alþingismenn og alþingisframbjóðendur svo og fyrrverandi ráðherra. Eingöngu í Reykjavík, sem næst Austurvelli. Parna mætti veita tilsgögn í rökhyggju og kennslu í færeysku.
- 9.** Athvarf fyrir mislukkuð skáld og listamenn, þ.e. þá sem ekki hljóta heiðurslaun frá Alþingi. Indriði G. fengi einnig aðgang.
- 10.** Athvarf fyrir afreksmenn í útgerð og fiskverkun. Einkum voru Drangsnes, Pórshöfn og Suðurnes höfd í huga. Gætu nefnst Hring(orma)ver.
- 11.** Athvarf fyrir alkóhólista, sem ekki vilja hætta að drekka.
- 12.** Allsherjarathvarf fyrir fatlaða. Þar gætu blindir spilað borðtennis, flokkað bækur, hlustað á tónlist og lesið Alþýðublaðið á blindraletri. Heyrnralausir gætu horft á klassískar, þögclar myndir. Psoriasisfatlaðir gætu þar fengið gróft sandnudd. Par gætu fótalausir spilað handbolta og handalausir fótbolta, sköllöttir gætu stundaað hársnytingar á öðrum, templarar gætu þar drukkið í laumi. Par geta og Jafnaðarmenn setið þegar þeir vita ekki hvar þeir standa.
- 13.** Jafnréttisathvarf, þar sem karlar gætu sinnt kvennamálum og konur gætu verið kvenlegar og jafnréttar og kynnt sér utanríkismál.
- 14.** Athvarf fyrir þjóðlega menningarsér vitringa. Þar mætti rækta íslenskar hænur, geitur og berserkjasveppi, halda námskeið í selormagreiningu, kynna sér stefnu Framsóknarflokksins af fornum skinnhandritum, halda námskeið í verðskynseflingu, leita að nýjum og glötuðum leiðum fyrir Alþýðubandalagið, vinna að töluforritum fyrir ættfraðinga, hanna tannbursta og fleiri verkfæri fyrir örvhenta. Parna gætu húsgagnaframeiðendur skoðað útlend myndablöð og fengið fyrirgreiðslu og aðstoð við pantanir og innflutning á erlendum húsgögnum. Einnig kom til álita athvarf fyrir vídeófatlaða í Breiðholti og í Olafsvík.“
- Að loknu þessu yfirliti Stefáns Ólafs voru veitingar ráðuneytisins teknar að svifa á blaðamenn. Fyrispurnir urðu því ekki margar. Ráðherra var þó spurður nokkuð um stjórn og starfsmannahald í athvöfunum. Ráðherra taldi brýnt að hleypa starfseminni af rokkunum meðan hann starfaði enn við Hverfisgötuna, því engum væri betur treystandi að skipa í embætti athvarfa með þjóðlegar, framsæknar, frændræknar og flokslegar hugsjónir í fyrirrúmi. Mæltist ráðherra vel að vanda.

# STANS

# VÍSNAPÁTTUR

Pað er víst við hæfi að þátturinn byrji á þingvísunum í þetta skipti. Kosningar blessunarlega afstaðnar og það allt. Makalausrar geðluðrur þesir þingmenn annars, að sitja brosandi undir endalausum brigslum um heimsku og spillingu. Hætt við að sómakærari starfstéttir létu ekki bjóða sér slíkt. En svona hefur þetta víst alltaf verið. Hér eru t.d. gamlar vísur eftir Ísleif Gíslason frá Sauðárkróki um eitthvert þingmannsskauðið:

*Beitti smjaðri og brigslýrðum  
blíðu heimskra naut hann  
og á sníktum atkvæðum  
inn í þingið flaut hann.*

*Alltaf bar hann upp frá því  
öfugan stjórnarhattinn  
pólitískri peysu í  
þróðaði hana skrattinn.*

Hér kemur eitt stykki dellumageri úr tónlistarheiminum. Einhvernveginn finnst manni að rímorðin hafi tekið öll völd af hugsuninni, en það er auðvitað ekki gott við því að gera; það er nú einu sinni auðveldara að ríma en hugsa:

*Bob Dylan  
hitti Maríu Markan  
og beit hana á barkann.  
Pá sagði María Markan:  
„Hér gildir harkan.“  
Og beit Bob Dylan  
í tillann.*

Á framframfylkingarárunum var algengt að stjórmálamenn brýndu þjóðina til dáða á fundum með þessum vísuparti:

*Pessi þjóð á ærinn auð  
ef hún kynni að not'ann.*

Nú á þessum síðustu og verstu er þetta orðið að:

*Pessi þjóð á engan aur  
enda búið að not'ann.*

Sumt af þessu er m.a.s. sönghæft. Hér er vísa eftir Kjartan Ólafsson, ritstjóra Þjóðviljans:

*Pabbi er í eldhúsini  
eitthvað að fást við mat.  
Sú gamla er í athvarfinu  
gul og rauð og blá.*

Næstar á dagskrá eru fjórar vísur eftir Stebba bola. Yrkisefnin eru margvísleg eins og vera ber; í þeirri fyrstu kemur vel fram það ástfóstur sem menn taka gjarnan við útslitnar flískur, næst er krítarvísa frá þeim tínum þegar verslun með nauðsynjar gekk persónulegar fyrir sig en gerist í stórmörkuðunum núna, þarnæst ein úr reynsluheimi sjómanna.

*Peysan míni er götött mjög  
með hundrað götum mörgum  
en ekki fer ég úr henni  
fyrir en hún fer í eldinn.*

*Gerlaust hveiti vil ég fá  
hér í þessari verslun,  
treysti ég þér sem góðum dreng  
að skrifa það hjá mér í bili.*

*Í andófinu pissa ég  
þó ég þurfi að krjúpa,  
jamm og jamm og jamm og já,  
út á sjóinn djúpa.*

Við vekjum sérstaka athygli á þeim analytiska brillifans sem einkennir næstu vísu, en hún er jafnframt síðasta vísan eftir Stebba bola í þessum þætti.

*Óhrein pessi drulla er  
oní mjóu ræsi,  
þó að það sé nógu breitt  
fyrir þá sem grafa.*

Í þingmáladálki Mbl. 15. jan. síðastiðinn birtist fjögurra dálka mynd af nokkrum starfsmönnum löggjafarvaldsins á útreiðum. Þar getur að líta Pál á Höllustöðum, Matthías Reyknesing, Egil á Seljavöllum, Steinþór á Hæli, Ólaf Vestfirðing og Stefán Skagfirðing. Þá varð þessi vísa til:

*Pótt svo kunni að virðast að reiðskjótum  
rýrum og smáum  
sé raðað í klofið á þingmönnum  
einingarbandsins,  
að kosningum loknum þeir berast  
á fá kunum fráum  
og flengrifða samhlíða beint inni  
ríksstjórn landsins.*

Það er mikið sport að yrkja upp alþekkt kvæði. Oft sýnist manni þar vera á ferðinni heimsósómakveðskapur, þar sem fyrirmynnid ljær uppyrkinguði brodd. Pekkt er tilbrigði kaupmanns nokkurs í Reykjavík á draumvísu Konráðs Gíslasonar:

*Landið er fagurt og frítt  
en fólkid er bölvad og skítt.*

Engin deili kunnun við á eftirfarandi vísu, sem jafnframt er síðasta að sinni. Það gerir heldur ekkert til. Hún skýrir sig sjálf. Það eru góðar vísur vanar að gera:

*Sólu brenndan sá ég mann  
sem í viskí hefur þyrst,  
vera að greiða hár sem hann  
hefur fyrir löngu misst.*



# fjölskylduhátið frambjóðandans

## SMÁSAGA EFTIR PORVALD BABY



Pegar hann vaknaði um morguninn, var honum ómögulegt að muna hver hann var, hvar hann var, eða hvers vegna hann var vaknaður. Hann lá lengi á bakinu, horfði upp í rjáfríð og fann að hugur hans var gersamlega tómur. „Pægilegt,“ hugsaði hann, „nú get ég lagt aftur augun og sofið áfram, enginn veit hver ég er, enginn pekkir mig, enginn hefur upp á mig að klaga; ég hlýt að vera náll og nix.“ En í þann mund sem hann var að hverfa inn í tilgangleysi draumsins aftur, mundi hann að eitthvað stóð til, eitthvað var á seyði og þar með vissi hann, að hann var ekki náll, hann var einhver. „Ég hef nafn,“ hugsaði hann, „ég verð að fara á færut til að gá að því.“

Hann settist á rúmstokkinn og litaðist um. „Já,“ sagði hann við sjálfan sig, „þetta kannast ég við.“ Og hann skimðaði um herbergið, augun festust andartak við ýmsa persónulega muni, mynd á vegg. Hann þekkti myndina af ömmu sinni, kannaðist meira að segja við sjálfan sig fimm ára á fornri mynd, þekkti seðlaveskið á náttborðinu og vindlaskerann, vissi hvaða bók var

geymd í náttborðsskúffunni; og þegar hann renndi fótunum í inniskóna vissi hann að hann var í sínum eigin skóm. „Og,“ hugsaði hann, „maður sem á inniskó, hann á margt fleira, svo sem einsog ávísanareikning og — já!“ sagði hann næstum hátt, „ég á líka konu. Mína eigin konu. Hvar skyldi hún vera?“ Hann svipaðist um í herberginu, góndi upp um veggina einsog hann byggist við að hún væri fest með nagla í múrinn einsog mynd, gægðist bak við gardínuna, þar til allt í einu að rann upp fyrir honum ljós: „Æ!“ sagði hann. „Konan er farin. Hún er farin að undirbúa hátfíðina. Hvað var það nú aftur? Það var eitthvað í sambandi við daginn í dag. Og það er þess vegna sem ég er kominn á færut. Bíðum nú hæg,“ sagði maðurinn, því að hann var vanur að ávarpa sjálfan sig í fleirtölu, rétt einsog hann væri fjöldi manns: „Bíðum nú hæg,“ sagði hann oft, eða „dokum nú við,“ eða „hugsum nú málið.“ Hann fór úr náttfötunum, fleygði þeim á rúmið og dró á sig fötin, sem lágu á stólbaki. Hann vandaði sig við að hnýta á sig hálstauð, fannst gott að finna

hardan flibban náast við þykkt skinnið á hálsinum, horfði í spegilinn og nauðaþekkti andlitið sem hann sá: „Petta er ég,“ hugsaði hann, „en vandinn er að finna tilganginn í þessum degi, komast að því hver ég er. Við verðum að vinna okkur út úr þessum vanda,“ sagði hann við spegilmyndina og sendi sjálfum sér snúðugt, næstum stingandi augnaráð, greip vindlaskerann af náttborðinu og ósjálfrátt fann hann að hann hélt á stórum vindli í hendinni. „Vindill,“ sagði hann. „Já! og hann fór ofan í jakkavasann, fann eldspýtur og klippti svo af vindlinum og kveikti í, hvort tveggja á sama andartakinu og þegar hann sá sjálfan sig í speglinum, reykjandi vindilinn, færðist roði í andlit hans, það slaknaði á vöðvum og hann andvarpaði: „Auðvitað! Ég er þessi með vindilinn, þessi hérrna hvað hann nú aftur heitir, ég man það ekki í svip. Winston Churchill? Bjarni frá Vogi? Það var eitthvað í þá áttina; og,“ sagði hann við spegilmyndina, „konan er ekki í rúminu, vegna þess að hún er að undirbúa stóru fjölskylduhátfíðina í Háskólabíói, vegna þess að nú á aftur að

kjósa mig á þing. Ha!“ sagði hann kábur, „það er ég viss um að ádur en ég verð genginn út úr þessu húsi, þá man ég hvað ég heiti, og ádur en ég verð kominn á skrifstofuna, þá man ég jafnvel nafnnúmerið mitt. Af rædunni þarf ég ekki að hafa áhyggjur. Konan sér um það.“ Og hann greip bíllyklana í forstofunni, lauk upp, dró djúpt að sér svalandi loftið og stefndi yfir að bílnum sínum.

Hann lauk upp bílhurðinni og settist inn. Gamalkunnugt sætið tók vel á móti þungum líkama hans og hann teygði sig fram, og stakk lyklínnum í ræsinn. Vélin rauk í gang, hann sleppi lyklínnum og færði höndina upp á stýrishjólið. Þá tók hann eftir því, að höndin var horfin, og hann sá aðeins hvíta líningu skyrtunnar framan við jakkann. Hvað var orðið af hendinni? Hann litaðist um og sá þá, að hægri hönd hans hélt enn um bíllykilinn; hafði losnað frá úlnliðnum og fylgdi ekki eftir þegar hann lyfti handleggnum. Hvað var á seiði? Hann teygði vinstri höndina yfir ýstruna og losaði hægri höndina af bíllyklínnum, hélt á henni stundarkorn og virti hana fyrir sér. Petta var sólbrún, fremur holdmikil hönd og virtist í góðu ásigkomulagi. „Ég verð að tala við lækninn minn,“ hugsaði hann, „svona get ég ekki verið.“ Og hann fleygði hægri hendinni í framsætið og ákvæð að taka hana með sér, þegar hann fær til læknisins. Hann kom bílnum í gír og ók af stað. Nú kom sér vel að vera vanur bílstjóri og geta snúið léttu vökvastýrinu með vinstri hendinni einni, og til að aksturinn tækist sem best, stakk hann vindlinum í munninn og beit þétt um endann. Þegar hann kom að samkomuhúsini, þar sem fjólskylduhátiðin átti að vera, ók hann að hlíðarinn-gangi til að komast skemmstu leið inn í salinn, því að hann kærði sig ekki um að kjósendur hans, sem streymdu nú að úr öllum áttum til að heyra hann tala, sæju að hann hafði ekki lengur tvær hendor. „Kjósendur?“ hugsaði hann, „já; það er þess vegna. Það þarf að taka stjórn landsins föstum tökum, og það er ég sem er hinn sterki maður. Hvernig var þetta aftur? Ábyrg stjórn, var það ekki? Raunhæf leið til bættra lífskjara. Einbýlishús handa öllum, var það ekki?“ Konan hafði samið fyrir hann nokkrar meitlaðar setningar, einsog til dæmis: „Eigi skal sköpum skipta.“ Hann teygði vinstri handlegginn yfir ýstruna til að slökkva á bílvélinni. Hann dokaði andartak við, ádur en hann greip í lykilinn, óttaðist að nú kynni að fara einsog ádur, að höndin losnaði frá honum um úlnliðinn og hann sæti þá eftir í bílnum og kæmst ekki út, því ekki gæti hann opnað bíldyr handalaus. En ekkert óvenjulegt gerðist. Bílvélun þagnaði, hann hélt á

lyklínnum, höndin var föst við hann og hann þreif í hurðarhúninn, opnaði, steig út og skellti hurðinni í falsið. En þá tók hann eftir því, að ekki var allt með felldu. Hann sveiflaðist út á hlið, þegar hann tók fyrsta skrefið. Hvað var nú þetta? Hann beit fastar um vindilinn og litaðist um. Hægri skórinn var hvergi sjáanlegur. Hann leit eins langt niður eftir sér og hann gat fyrir ýstrunni. Fóturinn var horfinn, sást ekki koma niður úr buxnaskálminni einsog hann átti að gera. Hann leit inn um bígluggann og sá þá, að fóturinn stóð enn á bensíngjöfinni, klæddur svörtum skóm og sokk. Hann var oldungis steinhissa. Hvað var eiginlega að honum? „Ég verð að ná sambandi við lækninn minn,“ hugsaði hann og litaðist um. Fólk streymdi að húsinu, og sumir veifuðu glaðlega til hans. Hann kinkaði kolli og gekk af stað og sér til mikillar undrunar, þá fann hann, að það var ekki sérlega erfitt að ganga. Hann sveiflaðist að vísu út á hlið, en þótt fótinn vantaði, þá fann hann ekki til sársauka. Hann fann ekki til neins. Það var eiginlega einsog hann væri allur dofinn, gengi áfram í leiðslu. „Petta er kannski hluti af kölluninni,“ hugsaði hann. „Það er til þess ætlast að ég fái að reyna óvenjulega hluti, svo að mér gangi betur að skilja lífið.“ Hann ýtti upp þungri hurðinni og gekk inn í samkomusalinn. Breiður bordi hafði verið strengdur þvert yfir svíðið og á hann var nafn hans letrað. Hann þekkti það um leið og hann sá það. Framan við nafnið var listabókstafur flokksins hans með krossi við x. „Ex ég,“ hugsaði hann, allt þetta fólk trúir á mig, treystir mér, vill að ég berjist fyrir það og það skal ég gera. Konan hans kom á móti honum. Hann nauðaþekkti þessa konu. Þau höfðu búið saman í marga áratugi. Petta var konan sem hann hafði búist við að sjá liggjandi í rúminu við hlíð sér, þegar hann vaknaði fyrir skemmstu. Hann heyrði rödd hennar einsog í fjarlægð, þegar hún sagði honum, að allt væri tilbúið, fundurinn væri að hefjast og að það væri gert ráð fyrir, að hann fær fyrstur upp í ræðustólinn og héldi stutta hvatningarræðu. „Já,“ hugsaði hann, „þjóðin hefur brotist úr sárstu fátækt til mestu velmegunar sem þekkist í heiminum. Það var þetta sem ég átti að segja.“ Hann ætlaði að segja konunni, að hann vantaði nú bæði hægri hönd og fót og biðja hana að panta tíma hjá lækninum, en fannst svo, að hann gæti látið það bíða. Hann leit fram í salinn og sá einsog í móðu, að hvert sæti var skipað og að andlitin þúsund mændu á hann. Konan sagði honum að hann væri með nýja ræðu í jakkavasanum, að honum væri ekkert að vanbúnaði, nú skyldi hann ganga hnarreistur upp á svíðið og flytja hvatningarávarp og að á eftir tæki lúðra-

sveitin við. „Betri leiðir til betri lífskjara,“ hugsaði hann, „var það ekki þannig? Styrk stjórn, ábyrg afstaða. Hinn hreini meirihluti. Festa og mann-dómur. Ekki er allt gull sem glóir. Látum nú hendir standa fram úr ermum. Nei,“ hugsaði hann, „ég verð víst að sleppa því.“ Hann mældi út stigann upp á svíðið og reiknaðist til, að hann gæti stigð í hann miðjan og enginn myndi taka eftir því að hægri fótinn vantaði. Hann hallaði sér fram, rétti úr sér og andartaki seinna stóð hann á svíðinu. „Það tókst,“ hugsaði hann og leit sem smöggvast um öxl. Konan stóð neðan við svíðið og horfði á hann gapandi af undrun. „Hvað ný?“ hvísl-aði hann milli samanbitinna tannanna og fann vindilreykinn leggja upp í augun. Hann leit við. Vinstri fóturinn hafði orðið eftir í stiganum. Hann stóð fótalaus á svíðinu; var orðinn mörgum sentímetrum styttri en hann átti að sér. „Nú fór í verra,“ hugsaði hann, „þetta hlýtur að enda með ósköpum.“ Hann fann, frekar en sá, að fólkid í salnum mændi á hann, og hann vissi að hann mátti ekki bregðast kjósendum sínum. Hann sté varlega fram og fann, sér til þónokkurrar undrunar, að hann gat auðveldlega gengið. Eiginlega var ekki verra að vera fótalaus. Hann leit á konuna, hún hafði nú lokað munninum og kinkaði uppörvandi kolli til hans. Svo sá hann að hún skaust að stiganum og tók vinstri fótinn, skýldi honum á bak við sig á meðan hún skaust í sæti sitt. Hann gekk hiklaust í ræðustólinn.

Hann hafði lækkað svo í loftinu, að það var með naumindum að hann sást yfir þúltið. „Ég verð að byrja kröftug-lega,“ hugsaði hann, „gefa snarpa yfir-lýsingu, sem fundarmenn gleyma ekki.“ Hann rétti úr sér, horfði alvarlegum augum yfir salinn, byrjaði á „góðir fundarmenn,“ en fann þá, að það heyrðist ekki til hans, vegna þess að hann var með vindilinn uppi í sér. Hann greip því vinstri hendi í vindilinn og ætlaði að leggja hann frá sér á þúltið. Þegar hann tók í endann sem var klemmdur milli tanna hans, fannst honum hann vera óvenjulega þungur. Og þegar höndin sleppti vindlinum á brún ræðustóls-ins, fann hann að tennurnar höfðu alls ekki sleppt taki, heldur hafði höfuðið fylgt með vindlinum og nú stóð hann hauslaus við ræðustólinn. Í öngum sínum fálmáði hann í jakkavasann eftir ræðunni, en þegar hann dró að sér höndina, fylgdi hún ekki með, heldur lá eftir í jakkavasanum við brjóstið hægra megin. Höfuðið horfði einbeitt út í salinn, reyndi að láta ekki á neinu bera, tennurnar klemmdar um vindilinn og reykskýin bárust upp í loftið. „Pótt ég hafi ekkert að segja,“ hugsaði hann, „þá verð ég að halda andlitinu þangað til læknirinn kemur...“

# SÖFNUNARLOK HJÁ SÁÁ

Söfnun SÁÁ til að reisa sjúkrastöð er lokið. Alls söfnuðust 28 miljónir króna og var það riflega fyrir öllum kostnaði við söfnunina.

Keypt var notað mótagatimbur fyrir það sem afgangs var af peningum og eru félagar í SÁÁ hvattir til að koma í Grafarvog á síðkvöldum til að naglhlreinsa og skafa. Hafið með ykkur hamra. (Úr fréttatilk.)





Næsti dagskráliður er  
Ólafur Sigurðsson, fréttamaður,  
á frívaktinni.



*Færeymum er fjandi kalt*



*finnst þeim góður sopinn ...*




Munið að greiða  
afnotagjöldin!



*... og mér líka ...*

# GÆTIÐ TUNGUNNAR




Sagt er: Gætið tungunnar.  
Rétt er það. Tunguna ber að þrífa reglulega.  
Gæta ber bess að ekki myndist á henni, gul,  
græn eða hvít slikja. Slíkt veldur andfýlu. Rétt  
er að bursta tennur endrum og eins svo og að  
skola munninn með volgu vatni. Betra með  
koníaki. Óþægilegt er að bíta sig í tunguna.  
Rétt er því að gæta tungunnar vel.

## Hugmyndasamkeppni

Rósin reyndist okkur illa.  
Það hljóta að bjóðast betri merki.  
Hér eru nokkrar tillögur.  
Auglýsum eftir fleirum.  
Ryðjið útúr ykkur hugmyndum sem fyrst.

Alþýðuflokkurinn



# SMÁAUGLÝSINGAR

## Trúnaðarmál

Ég hef verið neyddur til að gefa eftirfarandi yfirlýsing�:

Petta hef ég aldrei sagt við blaðamann Pjóðviljans:

„Það er alltaf verið að veltast með einhverjar tölur, þetta er eins og í barnaskóla, nema hvað menn höfðu þó reikningsbækur þar. Annars skil ég þetta ekki. Maðurinn (Geir) er búinn að hafa umboði í 10 daga og það gengur ekkert í þessum málum.“

Petta sagði ég við blaðamann Morgunblaðsins. Í trúnaði.

Gunnar G. Schram.

Orðending til áskrifandans:

Borgaðu áskriftina fyrr en seinna. Annars ...

Speglinn.

## Pjónusta

Ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki eini hæfileikamaðurinn í þingflokk Alþýðufloksins. Þar eru einnig Karlvel Pálmason og jafnvel mætti til nefna Jón Baldvin.

Kjartan Jóhannsson.

Hef efnahagsráðstafanir í sérflokk á lager. Kjaraskerðingarleiðir, gengisfellingar, tillögur að atvinnuleysi og stórkostlegum eignatlfærslum. Pantanasími Seðlabankans er 20500.

Jóhannes Nordal, doktor í félagsvíndum.

Hef til sölu margskonar erlendan klæðnað úr ull, leðri og rússkinni. Óska jafnframt eftir að kaupa ullarpeysur og vel með farin Kórónaföt.

Ólafur Ragnar Grímsson.

## Verslun og viðskipti

Fjórir í poka. Reyfarakaup. Kjúklingabændur.

Hringormanætur fyrilliggjandi. Ennfremur hringormaplokkunarvélar með eða án fisktætara, garnadráttarvélar og pökkunarmaskínur.

Asíufélagið.

Flyt inn broslauka, tannhvítii, hrukkueyðismyrsl. Pantið hjá mér heima eða hjá Þór í Hæstarétti.

Ragnhildur Helgadóttir.

Óska eindregið eftir ráðherrastöðu nú þegar. Áskil mér rétt til að taka hvaða tilboði sem er og hafna engu.

Jón Baldvin.

## Fundir & mannfagnaðir

Undirrituð viljum taka það skýrt fram að við sóttum ekki um stöðu yfirmanns á rás 2 við Ríkisútparpið, þrátt fyrir fjölda áskorana.

Ennfremur er það rangt að við höfum beðist nafnleyndar.

Haraldur Jóhannesson,

hagfræðingur.

Bragi Jósefsson, doktor.

Bryndís Schram,

sjónvarpsstjarna.

Auður Styrkársdóttir,

blaðakona.

Stjórnarmyndunarviðræðurnar hjá Geir Hallgrímssyni fóru út um þúfur vegna þess að hann neitaði að viðurkenna að ég er fjölgáfaðasti og hæfasti flokksformaður í landinu og ætti því skilyrðislaust að vera forsætisráðherra hver sem stefna stjórnar minnar yrði. Fyrir ágati mínu hef ég bókaðar samþykktir þingfloks Alþýðufloksins, (fjórir með — tveir sátu hjá) en Geir ekki. Þar á sést munurinn.

Kjartan Jóhannsson.

## Ymislegt

Það er rangt sem gengur fjöllum hærra að hafi reykt hassið hennar mömmu. Ég hef aldrei reykt hass í svo miklum mæli. Ég er bara svona.

Jóhanna Sigurðardóttir, alpm.

Miði er möguleiki.

Gjaldheimtan.

Frú Aslaug Ragnars, blaðamaður og rithöfundur, sem ég hef veitt árleg laun úr starfslaunasjóði listamanna er ekki eiginkona mína. Við erum skilin.

Mangi Þórðarson, form. úthlutunarnefndarinnar.

## Einkamál

Ef einhver hefur misskilið orð míni varðandi afvopnumarmál skal það áréttuð hér og nú, að ég er frekar hlynntur friði í heiminum.

Séra Pétur Sigurgeirsson, biskup.

Af gefnu tilefni vil ég taka það fram, að þær smáauglýsingar sem birtust í síðasta tölublaði Speglinsins og eignaðar voru mér, voru ekki skrifðar af mér og ekki heldur þessi sem hér fylgir:

Grísis gjalda.  
Gömul svín valda.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Af gefnu tilefni viljum við taka fram að við erum ekki „gömul svín.“

Svavar Gestsson  
Guðmundur J. Guðmundsson  
Guðrún Helgadóttir.

Sigurhátið Jóns Baldvins Hannibalssonar og Bryndísar verður haldin í Broadway á laugardag fyrir hvítasunnu.

Flöðhesturinn Júnó og Skollí mæta.

Hafið með ykkur gæludýrin og hvers kyns kvíkindi önnur.

Fh. undirbúningsnefndar, Styrmir Gunnarsson, ritstjóri.

## Vorhreingerningar


Hefði Alþýðuflokkurinn haft einhvern úrvalsmann sem forsætisráðherraefni, hefði mátt ræða þann möguleika að setjast í stjórn undir hans forsæti. En því er ekki fyrir að fara.

Steingrímur Hermannsson.

# Einkaréttur á Íslandi!

## Aðeins í Speglinum!

# Dagbækur Ragnhildar í höndum Spegilsins!



Pingfréttaritari Morgunblaðsins, Stefán Friðbjarnarson, hefur boðið Speglinum dagbækur frú Ragnhildar Helgadóttur, alþm., til kaups. Stefán er ófáanlegur til að skýra frá hvernig hann komst yfir bækurnar, en segir þær með öllu ófalsaðar og sannar.

Stefán sagðist að sjálfsögðu hafa boðið Morgunblaðinu bækurnar til kaups, en blaðið hefði hafnað því og þætti sér það óskiljanlegt með öllu.

Verð það sem Stefán vill fá fyrir dagbækurnar er trúnaðarmál milli Spegilsins og hans með tilliti til skattalaganna.

Hér birtist stutt færsla í handriti úr dagbókum Ragnhildar. Verið er að rannsaka rithönd frúarinnar og bera saman við rithönd þa sem í bókunum er, svo og málfar, blek og fingraför. Reynist bækurnar ófalsaðar mun Spegillinn birta úrdrátt úr þeim í næstu blöðum.

## Er þór alltaf sofandi?

24ð. sumnudagur.  
Komis fram undir morgun þegar ig  
kom heim. Þór sofandi. Þas er eins  
og vanl er.

Geit er fallim í annat sinn.  
Þa er atens þritja fallit eftir.  
Gjálfsgað verður honum samt fallit  
at mynda sjón, aulanum.  
Þas skal honum aldrei takast.  
Þas þarf aðra til, og hver veit ...

Oy, kara dagbók!  
Í þa er þreyfl og tappa frætinum.  
Og hvo er eg diliðið hifut ...  
Já! Kamski eg að ek býða  
pingstelpunum heim í veknumi.  
Þú geymis hugmyndina fyrir  
mig til morguns.

Nú fer eg í bólst. Kamski  
er ófólk vakanáður. Þa og þa ...  
vomin skatað engan, kara vína.

## Er alþingiskonan ófullnægð?



Hvað  
vilia þeir  
nú aftur  
fyrir tommuna?

# Ragnar Arnalds með allt niður um sig Íslensk leið hvað?

*Spegillinn upplýsir það hér og nú að styttingleið sú sem Ragnar Arnalds kynnti í kosningabaráttunni sem sérlenska leið út úr efnahagsgöngunum er stolin frá Frakklandi eins og sést af meðfylgjandi mynd úr franska stórblaðinu Hara Kiri. Í Frakklandi hefur þessi efnahagsstefna leitt til upplausnar, uppbota og öngþveitis en hins vegar styrkt nokkuð stöðu ríkissjóðs.*